



SKOÐUN Teitur Guðmundsson skrifar um mataræði, öfgar og sölu-mennsku. **13**



MENNING Söngvararnir Unnsteinn Manuel og Högni Egilsson eru í einka-þjálfun í Laugum. **26**



SPORT Guðmundur Guðmundsson var í gær ráðinn landsliðsþjálfari Dana. Ætlar sér stóra hluti. **22**



Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

15. október 2013
242. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Ekki undrandi

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga er ekki undrandi á því að flestir séu andvígir því að trúfélög fái ókeypis lóðir. **6**

Drekka eins og foreldrnir

Drykkjusiðir mömmu og pabba hafa meiri áhrif á unglunga en hegðun vinnahópsins. **2**

Í skárra fangelsi

Íslendingur í Argentínu er kominn í skaplegar aðstæður í fangelsi fyrir útlendinga. **6**

Íranar til viðræðna

Íranar mæta í dag til fundarhalds með fulltrúum sex ríkja, þar sem reynt verður að komast að niðurstöðu um kjarnorku-áætlun Írans. **8**



SHALDÖR
12

Bolungarvík	6°		A	3
Akureyri	5°		A	2
Egilsstaðir	6°		SA	2
Kirkjubæjarkl.	7°		A	3
Reykjavík	8°		A	4

HÆGUR VINDUR Í dag verður hægt austlægt átt og léttskýjað en skýjað og sums staðar þoka eystra. Hiti 4-10 stig. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fólk | Bílar | Jólahlaðborð



next

Peysa
Kr. 5.490,-

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200



GAMAN ÞEGAR VEL GENGUR Leikmenn íslenska landsliðsins eiga færi á að komast í umspil um sæti í lokakeppni HM. Strákarnir skemmtu sér vel á æfingu liðsins í Ósló í gær og vonandi fá þeir tækifæri til að brosa á sama stað í kvöld þegar alvaran tekur við. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenska karlalandslíðið mætir Norðmönnum og á möguleika á að komast í umspil um sæti á HM: Mikilvægasti leikur landsliðsins frá upphafi

FÓTBOLTI „Fyrir mig sem Íslending er þetta örugglega mest spennandi og mikilvægasti leikur sem við höfum spilað í sögunni. Ísland hefur aldrei átt góða möguleika á að komast á HM eða EM. Þetta er frábært tækifæri til að brjóta ísinn og komast í umspil,“ segir Gylfi Þór Sigurðsson. Hafnfirðingurinn sparkvissi verður í eldlínunni í kvöld þegar íslenska landsliðið sækir Norðmenn heim í lokaleik

sínum í E-riðli undankeppni heimsmeistararnótsins. Sigur tryggir liðinu sæti í umspillsleikjum sem fram fara um miðjan nóvember en svo langt hefur íslenskt karlalandslíð aldrei náð.

Gylfi, sem leikur með Tottenham, segir liðsfélaga sína hjá enska úrvalsdeildarliðinu eiga erfitt með að trúa velgengni svo fámennrar þjóðar. Velti þeir raunar fyrir sér hvort leyfi-

legt sé að 300 þúsund manna þjóð spili í lokakeppni heimsmeistararnótsins.

Gylfi hefur ítrekað dregið vagninn í mikilvægum leikjum íslenska liðsins á útívelli og verður vafalítið í stóru hlutverki í kvöld. Hann segir reynsluboltann Eið Smára Guðjohnsen vera orðinn gjafmildari með árunum og segir það hafa verið draum sinn að spila á HM allt frá því hann var lítill krakki. - kt / sjá síður 22-23

Þrefalda framleiðslu á íslensku eldsneyti

Carbon Recycling eykur framleiðslu metanóls úr koltvísýringi úr 1,7 milljónum í 5,1 milljón lítra á ári. Wall Street Journal fjallar um tækni og viðskiptamódel CRI.

ORKUMÁL Carbon Recycling International (CRI) þrefalda strax á næsta ári framleiðslugetu sína á metanóli með stækkun verksmiðju fyrirtækisins við Svartsengi. Fyrirtækið framleiðir eldsneyti úr koltvísýringi.

Nú framleiðir CRI 1,7 milljónir lítra á ári en um mitt næsta ár verður framleiðslan 5,1 milljón lítra.

Í bandaríska stórblaðinu Wall Street Journal var á fimmtudag fjallað um kosti metanóls sem orkugjafa í samhengi við framtíðarskuldbindingar Bandaríkjanna um takmörkun á losun gróðurhúsaloft-

tegunda. Þar halda á penna George Olah, Nóbelsverðlaunahafi í efnafræði sem hefur sinnt ráðgjafastörfum fyrir CRI, og Chris Cox, fyrrverandi fulltrúadeildarþingmaður og stjórnarformaður verðbréfa- og kaupþingsnefndar BNA (SEC).

Þeir Olah og Cox komast að þeirri niðurstöðu að CRI hafi þegar sýnt fram á tæknilega og viðskiptalega hagkvæmni þess að fanga koltvísýring frá iðnaðarútbæstri og breyta honum í vistvænt eldsneyti og að fyrirtækið sé leiðandi í heiminum.

- shá / sjá síðu 4

→ Á teikniborði CRI að byggja tífalt stærri verksmiðju á Reykjanesi en nú er starfrækt við Svartsengi.

→ Markaður fyrir endurnýjanlegt fljótandi eldsneyti í Evrópu er talinn munu tvöfaldast fyrir árið 2020.

Viðvörðun frá veirufraeðingi: Bólusetjið börn

HEILBRIGÐISMÁL „Þeir sem mæta ekki með börnin í bólusetningu bera ábyrgð á því ef hér breiðast út sjúkdómar,“ segir Margrét Guðnadóttir veirufraeðingur, sem kveður fólk vilja gera það besta fyrir börnin sín. Vandamálið sé því ónóg fræðsla - ebg / sjá síðu 10

3 fyrir 2
af myndböndum yfir á DVD, flakkara eða skýið

GAGNVIRKNI
www.gagnvirkni.is
5174511
Hamraborg 1, Kópavogi

Gildir til 31. október

NÝ 6 VIKNA NÁMSKEIÐ
21. OKTÓBER

STYRKUR
LÍFSTÍLL
HARDCORE
BRENNSLA/MÓTUN

World Class ICELAND
worldclass.is

SPURNING DAGSINS



Ása, er ekki erfitt að blása í Hörpu?

„Nei, við blásum á allt svoleiðis tal.“

Ása Berglind Hjálmarsson, meðlimur í Lúðrasveit Þorlákshafnar, tekur þátt í tónleikaröðinni Lúðrabýtt sem fram fer í Hörpu á næstunni.

Formaður Vinstri grænna óánægður með afturköllun náttúruverndarlaga:

Ávísun á kollsteypustjórnsmál

UMHVERFISMÁL „Þessi vinnubrögð eru ávísun á alger kollsteypustjórnsmál,“ sagði Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna í samtali við Fréttablaðið.

Katrín spurði Sigurð Inga Jóhannesson umhverfisráðherra í gær á Alþingi út í laga-umhverfi náttúruverndar. Samkvæmt þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar verður gildistaka nýrra náttúruverndarlaga sem taka áttu gildi 1. apríl 2014 afturkölluð.

„Þarna er ráðherra að hleypra allri vinnu síðasta ráðherra í uppnám,“ sagði Katrín sem teldi mun betra að

ráðherra breytti bara einstökum greinum sem honum líkar ekki.

„Ákvæði um skógrækt og utanvega-akstur á hálendinu hafa verið nefnd sem dæmi. Það lá fyrir að menn væru ekki á eitt sáttir um þau ákvæði og þá liggur beint við að breyta þeim. Mér finnst alltof langt gengið þarna,“ sagði Katrín.

Katrín sagðist ekki hafa fengið svör við því af hverju ráðherra veldi að afnema lögin í heild í stað þess að breyta einstaka greinum.

- fbj

Umhverfisráðherra á Alþingi: Útilokar ekki að skjóta svani

ALÞINGI Mikilvægt er að draga úr tjóni kornbænda af völdum svana og gæsa en engar aðgerðir hafa verið mótaðar enn, sagði Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, á Alþingi í gær.

Í svari við fyrirspurn Haralds Benediktssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, sagði Sigurður að gera þyrfti úttekt á vandanum og skoða hvort nota mætti fælingaraðgerðir eða mjög takmarkaðar skotveiðar til að verja akra.

- bj

Á BAR Drykkjumynstur alkóhól-ista getur með tímanum breyst frá helgardrykkju yfir í að þeir fari að drekka alla daga eða öll kvöld.

NORDICPHOTOS/GETTY



ÚLFALDAR TIL SÖLU Á búfjármarkaði í Kabúl, höfuðborg Afganistans, gátu menn keypt sér úlfalda til að fórnna á hátíðinni.

NORDICPHOTOS/AFP

Fórnarhátíð múslíma haldin hátíðleg víða um heim:

Tvær milljónir pílagraíma í Mekka

SÁDI-ARABÍA, AP Um tvær milljónir pílagraíma víðs vegar að úr heiminum eru staddir í Sádi-Arabíu, þar sem þeir taka þátt í fórnarhátíðinni Eid-al-Adha.

Pílagramarnir lögðu í gær leið sína upp á fjallið Ararat, rétt fyrir utan hina helgu borg Mekka. Þar á fjallinu er talið að Múhameð spámaður hafi flutt sína síðustu ræðu fyrir fjórtán öldum eða svo.

Þeir sem ekki komast til Mekka þetta árið halda sína fórnarhátíð heima fyrir og í gær báðu margir bænir sínar af meiri ákafa en aðra daga ársins, enda talið að þann dag séu menn bænheyrðir frekar en aðra daga.

- gb

Árasin sérstaklega gróf:

Þriggja og hálfars fangelsi fyrir nauðgun

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Gintaras Bloviescius í þriggja og hálfars óskil-orðsbundið fangelsi fyrir nauðgun. Í því skyni að ná fram vilja sínum tók hann ítrekað um háls þolanda og herti að, hélt höndum konunnar, þrýsti henni niður í rúm sitt og hótaði að henda henni nakinni á dyr og að ónafngreindir einstaklingar sem hann þekkti myndu gera henni mein. Dómurinn taldi framburð konunnar trúverðugan og gerði Bloviescius að greiða konunni 1,2 milljónir í miskabætur.

- fbj

Gengur vel að flokka pappír:

Tugir tunna skildir eftir

UMHVERFISMÁL Reykjavíkingar þurfa nú að aðskilja pappír frá almennu sorpi ef þeir vilja ekki að tunnan verði skilin eftir.

Á föstudag var hætt að taka svartar tunnur sem voru með of miklu af pappír. Eygerður Margrétardóttir hjá Reykjavíkurborg segir flokkunina hafa farið vel af stað. „Borgarbúar eru að taka stökk í pappírsflokun. Við byrjuðum í miðbænum fyrir helgi og það gekk vel. Við þurftum að skilja eftir nokkra tugi tunna en þetta fer vel af stað,“ segir Eygerður.

- eh

Ungt fólk drekkur eins og foreldrarnir

Drykkjumynstur foreldra hefur meiri áhrif en venjur vina barnanna. Börn erfa drykkjumynstur foreldranna. Erfðir stærsti staki áhættuþátturinn þegar um áfengissýki er að ræða, segir Valgerður Rúnarsdóttir, læknir á sjúkrahúsinu Vogu.

HEILBRIGÐISMÁL Niðurstöður nýrrar, norskrar rannsóknar sýna að ungt fullorðið fólk hefur sömu drykkjuvenjur og foreldrarnir. Drekkir foreldrarnir sig oft fulla gerir unga fólk það einnig. Drekkir foreldrarnir oft en lítið í hvert sinn erfa börnin einnig þetta drykkjumynstur, að því er segir í frétt á vef Aftenposten um rannsóknina.

Þar segir að fylgst hafi verið með rúmlega 2.500 ungmennum frá því að þau voru fimmtán ára þar til þau voru 28 ára.

Haft er eftir Willy Pedersen, prófessor við Institutt for sosiologi og samfunnsgeografi við Óslóarháskóla, að margt ungt fólk neyti mikils áfengis um ákveðið skeið. Sláandi við niðurstöður rannsóknarinnar sé hins vegar hversu langvarandi áhrifin séu af

drykkjumynstri foreldranna.

Samhengið milli drykkjumynsturs foreldranna og unga fólksins reyndist sterkara til langs tíma lítið en áhrif frá vinum og menningu að öðru leyti. Þess er jafnframt getið að erfðir skipti máli.

„Erfðir eru stærsti staki áhættuþátturinn þegar um áfengissýki er að ræða en að sjálfsögðu hefur umhverfið einnig áhrif. Unglingi sem elst upp hjá foreldrum sínum finnst ekki óeðlilegt að vera fullur um helgar ef mamma og pabbi eru það. Ef sami unglingur væri alinn upp á heimili þar sem drykkjumynstrið væri öðruvísi gæti hann fyrr lítið á eigin drykkju sem vandamál,“ segir Valgerður



VALGERÐUR RÚNARSDÓTTIR

Rúnarsdóttir, læknir á sjúkrahúsinu Vogu.

Drykkjumynstur alkóhól-ista breytist oft með tímanum, að því er Valgerður greinir frá. „Það getur breyst frá helgardrykkju yfir í að einstaklingarnir fara að drekka alla daga eða öll kvöld.

Það rennur aldrei af þeim en þeir eru samt ekki fullir. Það er hins vegar ekki vandamál ef menn drekka eitt glas með steik öðru hverju.“

Haft er eftir Pedersen á fréttavef Aftenposten að foreldrar þurfi að hafa í huga að börnin geti tekið upp drykkjumynstur þeirra. Það sé að vísu ekki vinsælt að lýsa slíku yfir þar sem foreldrarnir hafi sjálfir svo mikla ánægju af áfenginu.

ibs@frettabladid.is

Útivistarfélag alfarið á móti Sprengisandslínu og ferðamannavegi:

Klýfur hálendið og eyðileggur

IDNADUR „Þessi lína kemur til með að kljúfa hálendið í tvennt og eyðileggja stórmerkilega staði,“ segir Sveinbjörn Halldórsson, formaður bæði Ferðaklúbbsins 4X4 og Samúts, Samtaka útivistarfélaga, um fyrirætlanir um nýja háspennulínu yfir Sprengisand.

Fram hefur komið að Landsnet og Vegagerðin hafa tekið höndum saman um að hanna fyrirhugaða Sprengisandslínu þannig að hún sjáist mjög lítið frá ferðamannavegi sem kann að verða lagður yfir Sprengisand.

„Við setjum okkur áfram upp á móti þessum fyrirætlunum,“ bætir



SVEINBJÖRN HALLDÓRSSON



Í HÁLENDISFERÐ Náttúran er jafn mikið skemmd þótt háspennulína sjáist ekki frá vegi, segir formaður 4X4.

FRÉTTABLAÐIÐ/JAB

Sveinbjörn við. Þá furðar hann sig á því að kostnaður við að leggja jarðstreng yfir Sprengisand byki of mikill á sama tíma og menn víli ekki fyrir sér að leggja streng í hafið til Írlands.

Um leið efast Sveinbjörn um ágæti þess að byggja upp ferðamannaveg á hálendinu. „Ég held að við höfum engan áhuga á að mæta ferðamönnum á Yarisum á miðju

hálendinu þar sem allra veðra er von.“

Sveinbjörn segist eiga von á mikilli andstöðu við fyrirætlanirnar hjá ferðafélögum og náttúruverndarfélögum. „Hálendið á að fá að vera eins ósnortið og hægt er. Talað er um að taka hér inn tvær milljónir ferðamanna. Ætlum við að sýna þeim háspennulínu á hálendinu?“

- óká



HAFBERG
fiskbúð sælkerans

**20% afsláttur af
ÝSUFLÖKUM
LAXAFLÖKUM
PLOKKFISK**

TILBOÐIÐ GILDIR Í DAG

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU

OPÍÐ MÁNUÐ-FÖSTUD KL 9-18.15

LAUGARDAGA 11-16

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

MARGRÉT EIR * HANSA * HERA BJÖRK * REGÍNA ÓSK * VALA GUÐNA * KOLBEINN KETILSSON
GARÐAR THÓR CORTES * JÓHANN FRÍÐGEIR * FRÍÐRIK ÓMAR * PÁLL RÓSINKRANZ

STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA * 200 MANNA HÁTÍÐARKÓR * STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR * ENGLAKÓR DOMUS VOX * ÍSLENSKI GOSPELKÓRINN
STJÓRNANDI: ÁRNI HARDARSON * TÓNLISTARSTJÓRI: KARL OLGEIRSSON

Sérstakir gestir verða hinn norskí Marcus Dawson og dívurnar Erna Hrönn, Gréta Salóme, Guðrún Árný & Heiða Ólaf



Grafísk hönnun: Bjarni - nothing.is

LAUGARDALSHÖLL 21. DESEMBER KL. 16.30 & 21.00

Víð kvæðjum með einstökum lokatónleikum!
MIDASALA HEFST Í DAG KL. 12:00 Á *midi.is*



SVONA ERUM VIÐ



5.000 Íslendingar eru með sykursýki og þurfa um 500 þeirra að sprauta sig með insúlíni daglega. Árlega eru um 4.000 komur á sykursýkisgöngudeild fullorðinna á Landspítalanum.

Heimild: Landspítalin

Páll Heimisson þarf að endurgreiða Sjálfstæðisflokknum nítján milljónir: Dæmdur fyrir að misnota kort

DÓMSMÁL Páll Heimisson var í gær dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir stórfelld umboðssvik með því að misnota kreditkort sem hann hafði til umráða sem starfsmaður íhaldshóps Norðurlandaráðs og kaupa sér með því munaðarvörur og utanlandsferðir fyrir alls rúmar nítján milljónir króna. Níu mánuðir refsingarinnar eru skilorðsbundnir.

Páll notaði kortið meðal annars til að ferðast til sextán landa á tveggja ára tímabili og halda sér

þar uppi. Sem starfsmaður íhaldshópsins hafði Páll aðsetur í Valhöll. Kreditkortid var á nafni Sjálfstæðisflokksins og er Páli gert að endurgreiða flokknum milljónirnar nítján.

Páll var ekki viðstaddur dómsuppsöguna í dag, enda er hann búsettur í Rúmeníu þar sem hann stundar nám.

Guðrún Sesselja Arnardóttir, verjandi Páls, segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort dómnum verði áfrýjað. -sh



AFHJÚPANDI PÓSTUR Í málinu liggur fyrir tölvupóstur Páls til framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins þar sem hann játar sök og biðst afsökunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Reyna að rjúfa kyrrstöðu: Lækka verð á atvinnulóðum

HAFNARFJÖRÐUR Lækka á gatnagerðargjöld á atvinnulóðum í Hafnarfirði.

„Tílefni þessarar sérstöku lækkunar er sú kyrrstaða sem einkennt hefur eftirspurn eftir lóðum á höfuðborgarsvæðinu og nauðsyn þess að stuðla að aukinni atvinnuuppbyggingu,“ segir bæjarráð, sem sömuleiðis hyggst veita sérstakan afslátt ef framkvæmdir hefjast á úthlutaðri lóð innan eins árs og er lokið innan þriggja ára. -ga



GLÍMT VIÐ ELDINN Slökkviliðið réði niðurlögum eldsins og reykraesti togarann. Þrátt fyrir að áhöfnin hafi verið um borð slasaðist enginn. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Alltaf erfitt að eiga við eld í skipum vegna þengsla og hita: **Kviknaði í rússneskum togara**

Eldur kom upp í rússneskum togara sem lá við Óseyrarbryggju í Hafnarfirði í gær. Eldurinn kom upp á millidekki og var áhöfn skipsins um borð þegar hann kviknaði. Enginn skipverjanna slasaðist.

Á annan tug slökkviliðsmanna, á tveimur slökkvibílum, kom á staðinn, auk sjúkrahúsa. Náðist að slökkva eldinn og reykkaferar fóru um borð til að reykraesta.

Varðstjóri hjá slökkviliðinu segir það alltaf erfitt að eiga við eld í skipum, þar séu mikil þengsla og mikill hiti myndast.

Uptök eldsins eru ókunn og nokkrar skemmdir urðu á skipinu. -fbj

DÓMSMÁL Dæmdur fyrir bruggun

Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í gær mann í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa í október 2012 framleitt 866 lítra af gambra með 15 prósentu áfengisstyrkleika og 55,6 lítra af landa með 39-72 prósentu áfengisstyrkleika. Maðurinn játaði brot sín hiklaust fyrir dómi.

LEIÐRÉTT

Vegna dóms Jónasar Sen um tónleika í Háteigskirkju vill Listafélag Háteigskirkju koma eftirfarandi á framfæri: Tónleikaröðin heitir fullu nafni „Á ljúfum nótum í Háteigskirkju“ og er eingöngu á föstudögum frá klukkan 12 til 12.30. ALN er hluti af mun stærri dagskrá sem kallast „Tónleikadagskrá Listafélags Háteigskirkju“.

Nóbelsverðlaun í hagfræði: Þrír prófessorar verðlaunaðir

STOKKHÓLMUR Þrír bandarískir prófessorar, Eugene Fama, Lars Peter Hansen og Robert J. Shiller, hlutu í gær Nóbelsverðlaunin í hagfræði.

Prófessorarnir þrír hlutu verðlaunin fyrir rannsóknir sem hafa aukið skilning á því hvernig eignamarkaðir taka breytingum. Fama og Hansen starfa báðir við Chicagoháskóla og Shiller við Yale-háskóla. Þeir skiptu á milli sín verðlaunafé Konunglegu sænsku vísindaakademíunnar, sem nemur um 150 milljónum íslenskra króna. -hg

Þrefalda framleiðslu metanóls á næsta ári

Carbon Recycling International mun framleiða 5,1 milljón lítra af metanóli þegar stækkun verksmiðju við Svartsengi lýkur á næsta ári. Fjallað er um CRI í stórblaðinu Wall Street Journal í samhengi við skuldbindingar BNA í loftslagsmálum.

ORKUMÁL Carbon Recycling International (CRI) vinnur nú að stækkun verksmiðju sinnar við jarðvarmavirkjun HS Orku við Svartsengi og ætlar að þrefalda framleiðslugetu sína á metanóli fyrir mitt næsta ár.

Í bandaríska stórblaðinu Wall Street Journal er fjallað um kosti metanóls sem orkugjafa í samhengi við framtíðarskuldbindingar Bandaríkjanna um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Þar er CRI sérstaklega nefnt sem dæmi um hvað sé mögulegt og æskilegt, enda leiðandi fyrirtæki í heiminum á þessu sviði.

Ólafur E. Jóhannsson, upplýsingafulltrúi CRI, segir að framkvæmdir stöndi nú yfir við verksmiðjuna í Svartsengi. Nú séu framleiddir 1,7 milljón lítra á ári en um mitt næsta ár verður framleiðslan 5,1 milljón lítra.

Fjallað er um tæknina sem CRI notar til að framleiða eldsneyti úr koltvísýringi í stórblaðinu Wall Street Journal á fimmtudag. Þar halda á penna George Olah, Nóbelsverðlaunahafi í efnafræði, og Chris Cox, fyrrverandi þingmaður í fulltrúadeild Bandaríkjapings og stjórnarformaður verðbréfa- og kaupþingsnefndar Bandaríkjanna (SEC). Olah hefur sinnt ráðgjafastörfum fyrir CRI.

Tílefni skrifanna er stefnumörkun bandarískra stjórnvalda um hvernig má draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Í greininni er útskýrt hvernig framleiðendur í Bandaríkjunum votta bíla til notkunar með blöndu bensins og etanóls,



SVARTSENGI Verksmiðjan breytir koltvísýringssútblæstri frá virkjun HS Orku í metanól, sem er fljótandi eldsneyti fyrir bíla og önnur farartæki. MYND/CRI

Tvær verksmiðjur á hugmyndastigi

- Carbon Recycling International er ásamt níu öðrum tilnefnt til Náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs. Tilkynt verður hver hlýtur verðlaunin við hátíðlega athöfn í Ósló 30. október næstkomandi.
- CRI og Orkuveita Reykjavíkur hafa rætt hugmyndir um að koma upp metanólverksmiðju við Hellisheiðarvirkjun, auk verksmiðju sem framleiðir brennisteinssýru úr brennisteinsetnismengun frá orkuverinu. Mengun brennisteinsetnis er vandamál sem OR vinnur í að leysa.
- Eins er á teikniborði CRI að byggja tífalt stærri verksmiðju á Reykjanesi en nú er starfrækt við Svartsengi.
- Markaður fyrir endurnýjanlegt fljótandi eldsneyti í Evrópu er talinn munu tvöfalda fyrir árið 2020.
- Evrópusambandið stefnir að því að setja hámark á notkun lífildsneytis sem unnið er úr landbúnaðarafurðum frá og með næsta ári.

sem unnið er úr korni. Etanól hafi rutt öllum öðrum íblöndunarefnum í bensín úr vegi á grundvelli þrýstings frá kornbændum. Þingmenn geti brugðist við með því að samþykkja fyrirbyggjandi frumvarp sem yrði þess valdandi að t.d. metanól, jarðgas og lífdísill myndu keppa á sama grunni og etanól án landbúnaðarstyrkja. Þeir Olah og Cox komast að þeirri

niðurstöðu að CRI hafi þegar sýnt fram á tæknilega og viðskiptalega hagkvæmni þess að fanga útblásturinn og breyta honum í eldsneyti og fyrirtækið sé í forystu á þessu sviði í heiminum.

Þeir benda á að metanólblandað bensín sé notað í milljónir bíla í Evrópu og Bandaríkin séu langt á eftir í þeirri þróun vegna fyrrnefnds lagaumhverfis. svavar@frettabladid.is

Ætlar þú að breyta um lífsstíl?

Heilsulausnir
Henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

- Heilsulausnir hefjast mánudaginn 28. okt.
- Mán, mið og fös kl. 07:20, 12:00 eða 17:30
- Verð kr. 17.500 pr. mán í 12 mán.
- Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

Kynningarfundur miðvikudaginn 16. október kl. 17:30 – Allir velkomnir!

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

Veðurspá Gildistími korta er um hádegi

HAUSTBLÍÐA Hæg austanátt ríkjandi á landinu næstu daga og úrkomulaust að mestu. Fremur milt í veðri áfram en fer heldur kólnandi á fimmtudag.

Alicante 28°	Billund 14°	Gautaborg 13°	London 13°	Orlando 29°	San Francisco 22°
Basel 16°	Frankfurt 13°	Kaupmannahöfn 13°	Mallorca 28°	Ósló 11°	Stokkhólmur 11°
Berlín 12°	Friedrichshafen 17°	Las Palmas 26°	New York 21°	París 15°	

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður



MM Pajero 3.2 Instyle

Árgerð 2012, dísil

Ekinn 26.500 km, sjálfskiptur

Ásett verð:

8.990.000,-

MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



Audi A4 Avant 2.0TDI

Árgerð 2012, dísil

Ekinn 29.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: **5.650.000,-**



VW Passat Alltrack 4motion

Árgerð 2012, dísil

Ekinn 20.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: **6.290.000,-**



Toyota Auris Hybrid

Árgerð 2012, bensín/hybrid

Ekinn 17.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: **3.890.000,-**



VW Passat Comfort Ecofuel

Árgerð 2011, bensín/metan

Ekinn 62.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: **3.790.000,-**



VW Polo Comfort 1,4 AT

Árgerð 2012, bensín

Ekinn 11.500 km, sjálfskiptur

Ásett verð: **2.800.000,-**



Nissan Qashqai+2

Árgerð 2011, bensín

Ekinn 20.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: **4.790.000,-**



Skoda Fabia Combi

Árgerð 2009, bensín

Ekinn 64.000 km, beinskiptur

Ásett verð: **1.590.000,-**



Toyota Auris Terra

Árgerð 2010, bensín

Ekinn 74.000 km, beinskiptur

Ásett verð: **2.240.000,-**



VW Tiguan Track&Style 2,0TDI

Árgerð 2012, dísil

Ekinn 32.500 km, sjálfskiptur

Ásett verð: **5.890.000,-**



Subaru Legacy Sport sedan

Árgerð 2009, bensín

Ekinn 81.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: **2.850.000,-**



Toyota Yaris 1000 Terra

Árgerð 2012, bensín

Ekinn 34.000 km, beinskiptur

Ásett verð: **2.390.000,-**




Audi Q7 3,0TDI

Árgerð 2007, dísil

Ekinn 111.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: **6.290.000,-**




Tilboð **3.990.000,-**

Mercedes-Benz E280 CDI

Árgerð 2008, dísil

Ekinn 211.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: **4.990.000,-**



Tilboð **2.290.000,-**

Honda Jazz 1400 Comfort

Árgerð 2011, bensín

Ekinn 23.000 km, beinskiptur

Ásett verð: **2.650.000,-**




Tilboð **1.990.000,-**

Subaru Forester 2000 cs

Árgerð 2007, bensín

Ekinn 104.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: **2.290.000,-**



Tilboð **4.490.000,-**

Toyota Land Cruiser 120 VX

Árgerð 2006, dísil

Ekinn 132.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð: **4.950.000,-**

VEISTU SVARID?



1. Hversu margir einstaklingar hafa farið á atvinnuleysisráð frá árinu 2008?
2. Með hvaða liði leika knattspyrnu-konurnar Sara Björk Gunnarsdóttir og Þóra Björk Helgadóttir?
3. Hvað heitir ný skáldsaga Kára Valtýssonar?

SVÖR:

1. Þúsund. 2. LDB Malmó í Svíþjóð. 3. Ardeafne.

Formaður Sambands sveitarfélaga segist ekki undrast andstöðu fólks við ókeypiss lóðir til trúfélaga: Lengi viljað útrýma öllum undanþágum

SKIPULAGSMÁL Mikill meirihluti landsmanna er andvígur því að sveitarfélögin úthluti trúfélögum ókeypiss lóðum til að byggja trúarbyggingar samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar MMR.

Alls sögðust 71,3 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni mjög eða frekar andvíg úthlutun ókeypiss lóða. Um 18,8 prósent sögðust hlutlaus en tíu prósent sögðust frekar eða mjög fylgjandi því að trúfélög fái ókeypiss lóðir.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir það lengi hafa verið stefnu sveitarfélaganna að afnema hvers kyns undanþágur.

„Ég heyrði fréttirnar af þessari könnun og niðurstöðurnar komu mér ekkert á óvart. Bæði hefur viðhorf til svona undanþága breyst og svo er hitt að trúfélög eru umdeildari í dag en þau voru hér áður,“ segir Halldór.

Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru kirkjur og bænahús skráðra trúfélaga undanþegin fasteignaskatti. Halldór segir að slíkt hafi einnig átt við um íslenska ríkið en þar hafi orðið breyting á.

„Fyrir nokkrum árum borgaði ríkið ekki fasteignaskatt af sínum eignum nema að litlu leyti. Framtíðarmúsíkin er að útrýma þessum undanþágum,“ segir Halldór.



TRÚFÉLÖGIN GREIÐI SJÁLF Halldór Halldórsson segir að skattgreiðendur eigi ekki að bera kostnað af lóðaúthlutunum til trúfélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



ERICH PRIEBKE Dæmdur í ævilangt fangelsi árið 1996. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

100 ára deyr í stofufangelsi: Jarðsyngja ekki nasista í Róm

ITALÍA, AP Kapólska kirkjan í Róm harðneitar að taka þátt í að jarðsyngja og grafa þýska nasistann Erich Priebke, sem lést í stofufangelsi þar í borg á föstudag.

Priebke varð hundrað ára fyrr á árinu. Hann var dæmdur í ævilangt fangelsi árið 1996 fyrir aðild að fjöldamorðum þýskra nasista í Ardeafne-hellunum í Róm. Priebke var á flótta í nær hálföld áður en hann var framseldur frá Argentínu. Dóminn afplánaði hann í stofufangelsi heima hjá lögmanni sínum, Paolo Giachini. Kirkjan segir að Giachini verði sjálfur að sjá um útförina. -gb

Mannrán ógna hjálparstarfi: Fjórir gíslanna lausir í Sýrlandi

SÝRLAND, AP Fjórir af sjö hjálparstarfsmönnum voru í gær látnir lausir í Sýrlandi, eftir að hafa verið í haldi gíslatökumanna frá því á sunnudag. Þrír þeirra eru frá Rauða krossinum en einn frá Rauða hálfmánanum. Enn eru þrír starfsmenn Rauða krossins í haldi gíslatökumannanna.

Óljóst er hverjir stöðu að verki en fólkinu var rænt skammt frá Saraqeb í Idlib-héraði norðvestan til í landinu. Fjórum hinna rændu var svo sleppt við tyrknesku landamærin í gær. Rauði krossinn segir mannrán geta grafið undan hjálparstarfi í Sýrlandi. -gb

Íslendingnum í Argentínu komið í skaplegra fangelsi

Íslendingurinn sem situr inni í Buenos Aires fór frá Íslandi í ágúst og sagði fjölskyldunni að hann væri kominn með vinnu í Danmörku. Við handtökuna var hann á leið til Spánar. Getur nú fengið peninga senda frá Íslandi.

LÖGREGLUMÁL Íslenska utanríkisþjónustan kom því til leiðar um helgina að ungi, íslenski maðurinn sem gripinn var við kókaínsmygl til Buenos Aires í Argentínu á fimmtudag var fluttur í skaplegra fangelsi, fyrst og fremst ætlað útlingum.

Maðurinn, sem er fæddur árið 1991, var handtekinn á alþjóðaflugvöllinum í Buenos Aires á fimmtudaginn með fjögur og hálf kíló af kókaíni í fórum sínum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var hann þá á leiðinni úr landi, til Alicante á Spáni.

Maðurinn var færður í varðhald í almennt fangelsi, þar sem hann deildi litlum klefa með fjölda manns. Í samráði við sendiráð Íslands í Washington gekk Daniel Koltonski, ræðismaður Íslands í Argentínu, í það að útvega mann-

inum lögfræðing og fá hann fluttan í annað fangelsi, sem gekk eftir. Þar munu aðstæður vera allt aðrar og betri.

Samkvæmt heimildum blaðsins hefur maðurinn verið í sambandi við fjölskyldu sína og auk þess hefur verið tryggt að aðstandendur muni geta komið til hans fjármunum þegar og ef það reynist nauðsynlegt fyrir lögmannskostnaði og öðru. Almennt eru fjármagnsflutningar til og frá Argentínu vandkvæðum bundnir vegna

gjalddeyrishafta. Maðurinn mun hafa farið frá Íslandi í ágúst síðastliðnum og síðan tilkynnt fjölskyldu sinni að hann væri kominn með vinnu í Danmörku. Eftir það spurðist lítið til hans, þangað til hann var handtekinn fyrir helgi.



FLUGVÖLLURINN Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Íslendingur er handtekinn fyrir fíkniefnasmygl á Ezeiza-flugvöllinum í Buenos Aires. NORDICPHOTOS/AFP

Alls er óvíst hversu langan tíma meðferð málsins ytra mun taka en það gætu þó orðið margir mánuðir. Að sögn Karls Steinars Valssonar, yfirmanns fíkniefnadeildar lögregl-

unnar á höfuðborgarsvæðinu, hafa íslensk lögregluvirkir enn ekki fengið málið inn á borð til sín, þótt búist sé við að svo verði.

stigur@frettabladid.is

Mörg dæmi um smygl til og frá Suður-Ameríku

Undanfarin ár hafa Íslendingar margsinnis verið handteknir í Suður-Ameríku eða við komuna þaðan með fíkniefni í fórum sínum, og oft er íberískaginn upphaf eða endir ferðarinnar.

→ **Júní 2006** Hlynur Smári Sigurðsson handtekinn á brasilískri rútustöð á leið úr landi með það sem hann hélt vera þrjú kíló af kókaíni, en reyndist mestmegnis barnapúður. Hlynur hlaut þriggja ára dóm.

→ **Ágúst 2006** Ingólfur Rúnar Sigurðsson handtekinn á Guarulhos-flugvöllinum í Sao Paulo með 12,2 kíló af hassi við komuna frá Amsterdam. Hlaut sex ára og átta mánaða dóm.

→ **Júní 2007** Karl Magnús Grönvold handtekinn á Guarulhos-flugvelli í Sao Paulo á leið til Lissabon með tvö og hálf kíló af kókaíni í fórum sínum. Karl fékk fjögurra ára dóm.

→ **Maí 2009** Ragnar Erling Hermannsson handtekinn á flugvelli í Recife í Brasilíu með sex kíló af kókaíni á leið til Malaga á Spáni. Ragnar bíður enn dóms.

→ **Október 2009** Hörður Sigurjónsson, fyrrverandi lögregluámaður, handtekinn á Ezeiza-alþjóðaflugvöllinum í Buenos Aires á leið til Spánar með fimm kíló af kókaíni. Ekkert hefur frétt af dómi yfir honum.

→ **Desember 2009** Ungt par handtekið á Barajas-flugvöllinum í Madrid með fjögur kíló af kókaíni við komuna frá Perú. Bæði hlutu sex ára dóm.

→ **Mars 2010** Jóna Denny Sveinsdóttir handtekin á alþjóðaflugvöllinum í Líma í Perú á leið úr landi með tvö kíló af kókaíni. Sat af sér dóm.

→ **Júlí 2005** Sverrir Þór Gunnarsson handtekinn í Rio de Janeiro, grunaður um að standa að smygli á 50 þúsund e-töflum til landsins frá Lissabon. Fékk 22 ára dóm. Sverrir hefur frá því um miðjan síðasta áratug búið í Brasilíu, á Spáni og í Amsterdam.

Sensodyne fyrir viðkvæmar tennur



NÝ OG BETRI HÖNNUN!

Prófaðu Sensodyne vörurnar og finndu muninn.

SENSODYNE

HONDA

The Power of Dreams

HALLÓ. BESTI 4X4 BÍLL ÁRSINS.

HALLÓ. BESTI JEPPI / JEPPLINGUR ÍSLANDS.

HALLÓ. ÁREIÐANLEGASTI BÍLAFRAMLEIÐANDI HEIMS.



* Myndin sýnir Honda CR-V Executive útfærslu.

HONDA CR-V 4X4, KOSTAR FRÁ KR. 5.490.000

HALLÓ. VERÐLAUNABÍLL.

HALLÓ verðlaun, viðurkenningar og aðdáun. Sjaldan hefur einn bíll verið jafn samhljóma valinn besti bíllinn í sínum flokki og hinn nýi Honda CR-V. Þvert yfir heimsálfurnar rakar fjórða kynslóð Honda CR-V að sér verðlaunum og er valinn bestur af virtustu bílagagnrýnendum heims sem og notendum. Hann þykir setja ný viðmið í ferðabægindum, gæðum innréttinga og gagnsemi í akstri og umferð.

Komdu til okkar í Vatnagarða og segðu HALLÓ við Honda CR-V, besta 4x4 bíl ársins samkvæmt Total 4x4 Magazine, besta jeppann - jepplinginn á Íslandi í Bíll ársins keppninni, áreiðanlegasta bílaframleiðandann samkvæmt What Car og Warranty Direct, 8 árið í röð og konung stóra 4x4 fjölskyldubílaþrófs Car Magazine.

WWW.HONDA.IS/CR-V



Umboðsaðilar:

Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800
Bilver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020
Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535




Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Takk fyrir
þinn stuðning

**Haustinnsöfnun
Hjálpræðishersins**

**16.-19
október**

Bankareikningur: 0513.26.11314 kt.620169-1539

KJARNORKUVER Í ÍRAN Umdeildasta atriðið er auðgun úrans, sem Íranar hafa stundað í nokkur ár Bandaríkjamönnum og Ísraelum til skelfingar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íranar mæta til viðræðna

Íranar mæta í dag til tveggja daga fundarhalds með fulltrúum sex ríkja, þar sem reynt verður að komast að einhverri niðurstöðu um kjarnorkuáætlun Írans.

AUSTURRÍKI, AP Hóflæg bjartsýni ríkir á að viðræður Írana við fulltrúa sex ríkja, sem hefjast í Vínarborg í dag, muni skila árangri.

Viðræðurnar munu snúast um kjarnorkuáætlun Írans. Sex ríkja hópurinn vill helst að Íranar hætti allri kjarnorkuvinnslu, eða að minnsta kosti þeim hlutum kjarnorkuáætlunarinnar sem hugsanlega gætu nýst Írónum til þess að búa til kjarnorkuvopn.

Íranar halda hins vegar fast í þann rétt sinn að fá að stunda kjarnorkuvinnslu áfram í friðsamlegum tilgangi – nefnilega til þess að útvega landsmönnum orku.

Írönsk stjórnvöld hafa undanfarið ár, undir forystu Mahmúds Ahmadínedjads forseta, verið ófáanleg til þess að ræða eftirgjöf en nýr forseti tók við í sumar og síðan hefur kveðið við annan tón.

Nýi forsetinn, Hassan Rúhaní, ræddi fyrir fáum vikum símleidis við Barack Obama Bandaríkjaforseta. Það var í fyrsta sinn sem leiðtogar þjóðanna tveggja hafa skipst á orðum í meira en þrjátíu ár.

Fáir búast reyndar við því að viðræðurnar í dag og á morgun skili samkomulagi sem báðir aðilar geti sætt sig við. Það eitt að viðræðurnar séu hafnar með formlegum hætti verður þó að teljast mikill árangur. Þokist eitthvað í áttina fer væntanlega allt þúður úr þrálátu tali um stríð Ísraels og jafnvel Bandaríkjanna við Íran.

Ísraelsk stjórnvöld hafa síðustu vikurnar ítrekað reynt að vara við því að ekkert sé að marka sátta-tal nýja Íransforsetans. Íranar séu eftir sem áður mikil ógn við öryggi Ísraels og heimsbyggðarinnar allrar. gudsteinn@frettabladid.is

Ríkin sex

Bandaríkin, Rússland, Kína, Bretland, Frakkland og Þýskaland eiga auk Írans fulltrúa á fundinum, sem hefjast í Vínarborg í dag. Sex ríkja hópurinn er gjarnan nefndur P5+1 vegna þess að þetta eru fastaríkin fimm í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna auk Þýskalands. Evrópusambandsríkin tala hins vegar stundum um E3-3, vegna þess að í ríkjahópnum eru þrjú Evrópusambandsríki og þrjú önnur ríki. Það er Catherine Ashton, utanríkismálfulltrúi Evrópusambandsins, sem stjórnar viðræðunum.



FYRSTU VIÐRÆÐUR Utanríkisráðherrar Írans og Bandaríkjanna á fundi með fulltrúum fastaríkjanna í öryggisráði SP í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ GAGNRÝNUM HÆTTI

SAFT

www.saft.is



Spennandi morgunverðarfundur um TOK 2014

Ný útgáfa af TOK bókhaldskerfinu, TOK 2014 er væntanleg um næstu mánaðarmót þar sem helsta nýjungin er móttaka og sending rafrænna reikninga. Af þessu tilefni höldum við **morgunverðarfund** um nýja virkni í TOK bókhaldskerfinu og hvernig nýta má hana sem best. Í lokin fjallar Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun um jákvæð og neikvæð samskipti.

Staður og stund:
Föstudagur 18. október, kl. 8.30-10.00 í höfuðstöðvum Advania, Guðrúnartúni 10. Húsið opnar kl. 8 með ljúffengum morgunverði að hætti hússins.

Skráning á advania.is/fundir




GÆÐAMÁLNING

MÚRBÚÐARVERÐ

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf, það breytist ekki!



GÓÐ ÞVOTTAHELDNI! Deka Pro 4. Veggja- og loftmálning. 10 lítrar
5.795



Deka Projekt grunnur. 10 lítrar
5.990
Bakki, 25 cm rúlla, grind og pensill. - Sett
1.595



Deka Pro 10 Innimálning. 10 lítrar
6.690



Aqua 25 innimálning á böð 4 lítrar
4.295



Deka Meistaralakk 70 Akryllakk. hvítt. 1 líter
1.895



Deka Meistaragrúnnur Hvítur. 1 líter
1.545



Scala málarakýtti
395

Deka Spartil LH. 3 lítrar
1.990



LF Veggspartil 0,5 lítrar
795



20m² málningar-yfirbreiðsla
195



Scala Panellakk Glært. 1 líter
1.595



DekaCryl 7 Innimálning. 10 lítrar
5.995



Litaspray, Truper&Maston, verð frá **795**



Málningarpappi 20mx80cm
695



V-tech epoxy lím
385

V-tech alhlíða lím, 7ml.
198



25cm Málningar-rúlla og grind
720



Deka Oliulakk 30
1.795



Deka Oliugrunnur 1 líter
1.695

Maston Hammer málning 750 ml.
2.295



Maston Hammer málning 250 ml.
895



Mako pensill 50mm
225



Mako málaramotta 1x3 metrar
995

Áltrappa 4 þrep
4.990



Deka menja 1 líter
995



Málningarlímband 25mmx50m
195



Hagmans 2 þátta Vatnsþ / epoxy 4kg
11.295



Mako ofnarúlla
325



Mako bakki og 10 cm rúlla
345



Deka Gólfmálning grá 3 lítrar
4.295

Frallengingarskaft fyrir rúllur Tia-EP 1,2 metrar
325

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglávík 18.	Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri	Furuvöllum 15.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Vestmannaeyjar	Flötum 29.	Opið virka daga kl. 8-18

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM



MÚRBÚÐIN
- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Fundað í Bandaríkjunum: Var á ársfundi AGS um helgina

EFNAHAGSMÁL Már Guðmundsson seðlabankastjóri sat um helgina ársfund og fund fjárhagsnefndar



MÁR
GUÐMUNDSSON

Alþjóðagjald-eyrissjóðsins. „Auk þess átti seðlabankastjóri fundi með öðrum seðlabönkum, alþjóðlegum fjármálastofnunum, mats-fyrirtækjum og stjórnendum og starfsfólki AGS,“ segir í tilkynningu Seðlabankans. „Þá sótti seðlabankastjóri fund stýrinfundar sem hann á sæti í um alþjóðlegar reglur um fjármagnshreyfingar og skipulagt skuldauppgjör.“ - óka

Byggðaráð skorar á Símann: Vilja ljósnet í Bláskógabyggð

FJARSKIPTI Byggðaráð Bláskógabyggðar segir að enginn af þéttbýlisstöðunum þremur í sveitarfélaginu séu tilgreindir í fréttum frá Símanum um þá þéttbýlisstaði landsins sem fyrirtækið ætlar að ljósnetvæða á þessu ári. Byggðaráð beinir þeim tilmælum til Símans að Laugarvatn, Reykholt og Laugarás verði ljósnetvædd eins fljótt og auðið sé.

„Fullur skilningur er á því að slík vinna tekur alltaf einhvern tíma en ekki er samt hægt að una lengi við slíka mismunun á þjónustu við almenning í landinu að sumir fái ljósnetþjónustu en aðrir ekki þegar um svipaðar aðstæður er að ræða,“ segir byggðaráðið. - gar

LÍFSHÆTTULEGIR SJÚKDÓMAR

Ný skýrsla sóttvarnalæknis greinir frá því að tólf prósent tólf mánaða gamla íslenskra barna séu ekki bólusettt fyrir eftirfarandi sjúkdómum:

STÍFKRAMPI:

Alvarleg sýking sem orsakast af bakteríu. Samkvæmt nýjustu tölum Unicef dóu 58 þúsund unga börn úr stífkrampa árið 2010.

Dánartíðni:

6,7 af hverjum 200

KÍGHÓSTI:

Alvarleg öndunarfaræðing hjá börnum og hefur útbreiðsla farið vaxandi síðustu tuttugu árin. 20-40 milljónir tilfella koma upp árlega í heiminum.

Dánartíðni:

1 af hverjum 200

BARNAVEIKI:

Mjög alvarlegur sjúkdómur en bólusetningar hafa náð að halda honum niðri á Íslandi síðustu sextíu ár.

Dánartíðni:

10 af hverjum 200

MÆNUSÓTT:

Mænusótt eða lömunarveiki er smitsjúkdómur af völdum veiru sem lagst getur á taugakerfi líkamans. 233 lömuðust af völdum mænusóttar í fyrra.

Dánartíðni:

10 af hverjum 200

HAEMOPHILUS INFLUENZAE:

Algengasta orsök heilahimnubólgu. Áður en byrjað var að bólusetja gegn Hib greindust um tíu íslensk börn á ári með heilahimnubólgu.

Dánartíðni:

2 af hverjum 200

HEIMILD: Vefur Landlækniseimbættisins og Unicef.

Þeir sem ekki bólusetja bera ábyrgð á útbreiðslu sjúkdóma

Veirufræðingur segir foreldra skorta fræðslu um skaðsemi sjúkdóma sem bólusettt er gegn og því hafni þeir bólusetningum. Á meðan sjúkdómarnir eru enn til í heiminum geta þeir borist til Íslands. Flestir sjúkdómanna eru lífshættulegir og bráðsmitandi. Ný skýrsla frá sóttvarnalækni sýnir hátt hlutfall vanbólusettra barna.

HEILBRIGÐISMÁL „Sjúkdómarnir og hræðilega afleiðingar þeirra gleymast náttúrulega þegar búið er að bólusetja almennilega á landinu,“ segir Margrét Guðnadóttir, veirufræðingur og fyrrverandi prófessor í sýklafræði, sem hefur unnið alla sína starfstíð við bólusetningar og val á bóluefnum í samstarfi við Landlækniseimbættið.

„Hér áður fyrr þekkti fólk til þessara alvarlegu sjúkdóma og var þakklátt fyrir bólusetningu enda man ég ekki eftir því að einhverjir hafi hafnað henni.“

Margrét hefur miklar áhyggjur af þeirri þróun að fleiri foreldrar virðast hafna bólusetningu samkvæmt nýrri skýrslu sóttvarnalæknis og segir það stórmál.

„Við Íslendingar eigum gott með að verja okkur. Þeir sem mæta ekki með börnin í bólusetningu bera ábyrgð á því ef hér breiðast út sjúkdómur.“

Margrét segir mögulega ástæðu þess að foreldrar hafni bólusetningum að þeir skilji ekki um hve alvarlega sjúkdóma er að ræða enda hefur þeim verið haldið niðri árum saman með bólusetningum. En á meðan sjúkdómarnir eru enn til í heiminum geti þeir borist til landsins.

Margrét segir vandamálið vera skort á fræðslu. „Fólk vill gera það besta fyrir börnin sín og því tel ég að ónæg fræðsla sé vandamálið.“

Samkvæmt nýrri skýrslu sóttvarnalæknis er minnst þátttaka í tólf mánaða og fjögurra ára bólusetningum árið 2012. Að mestu leyti er verið að bólusetja gegn sömu sjúkdómum í þessum tveimur bólusetningum.

Í meðfylgjandi töflu er tilgreint hvaða sjúkdómur þetta eru og hvaða afleiðingar þeir geta haft í för með sér.



MARGRÉT GUÐNADÓTTIR Veirufræðingur segir foreldra þurfa aukna fræðslu um skaðsemi sjúkdóma sem bólusettt er gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUNNARSSON

OKTÓBER- SPRENGJA

30-50% af öllum vörum



JÁKVÆÐUR KRAFTUR C4 = :-)



CRÉATIVE TECHNOLOGIE

CITROËN C4 DÍSil

FRÁ 3.290.000 KR.

Njóttu lífsins á bíl sem er sparneytinn, lipur, hljóðlátur og frægur fyrir frumlega og nútímalega nálgun. Citroën C4 býr yfir nýstárlegri tækni sem dregur úr loftmengun og eldsneytisnotkun. Sérstaða Citroën C4 felst einnig í fjölmörgum smáatriðum sem hámarka þægindi ökumanns og farþega. Hagkvæmni, still, þægindi, fágun og þjónusta eru orðin sem marka jákvætt afl hins nýja Citroën C4. Raðaðu saman þessum kostum og niðurstaðan er Citroën C4.



Öruggur staður til að vera á



Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Fólk má ekki festast á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga:

Of örlátt kerfi

Á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar í síðustu viku var deilt um fjárhagsaðstoð borgarinnar við þá sem ekki geta framfleytt sér og sínum hjálparlaust. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu þar fram tölur sem birtust í Fréttablaðinu um helgina; um að kostnaður útsvarsgreiðenda í Reykjavík við að hjálpa þeim sem ekki geta framfleytt sér sjálfir hefur vaxið gríðarlega. Árið 2008 fóru um 52 þúsund krónur af útsvarsgreiðslum hverrar fjölskyldu í Reykjavík til fjárhagsaðstoðar en nú er sú tala komin í um 130 þúsund, á föstu verðlagi.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Meirihluti Samfylkingarinnar og Bezta flokksins réttlætir þennan gífurlega kostnað með atvinnuástandinu og verðbólgu-skotinu sem kom í kjölfar hruns krónunnar. Fleiri eru án atvinnu og nauðsynjar hafa hækkað í verði. Sjálfstæðismenn benda hins vegar á að í upphafi kjörtímabils-

ins hafi verið ákveðið að hækka grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðarinnar mjög ríflega, eða um nærri 20 prósent. Það hafi verið mistök, vegna þess að ráðstöfunartekjur þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð séu nú svo nálægt því sem gerist hjá þeim sem vinna láglaukastörf að fólk sjái sér hreinlega ekki hag í að vinna.

„Maður sér hvert stefnir. Sjötiú prósent þeirra sem fá fjárhagsaðstoð eru undir fertugu,“ sagði Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, í Fréttablaðinu á laugardaginn. „Það er ákveðin linkind gagnvart þessu kerfi því fólk þarf ekki að inna af hendi neinar skyldur eða láta eitthvað á móti til samfélagsins til að fá fjárhagsaðstoð.“

Þótt allir eigi að geta verið sammála um að skattgreiðendur eigi að hlaupta undir bagga með þeim sem ekki geta framfleytt sér sjálfir, má kerfið ekki verða of örlátt. Ef það er hagstæðara að þiggja fjárhagsaðstoð, atvinnuleysisbætur eða örorkubætur en að vinna erum við augljóslega á rangri leið. Hættan er sú að jafnvel ungt fólk festist í fátæktargildru; sjái ekki tilganginn með því að leita sér að vinnu og sé dæmt til að lifa á kostnað samborgaranna.

Í Ríkisútvarpinu var um helgina rætt við Vilborgu Oddsdóttur, umsjónarmann innanlandsaðstoðar hjá Hjálparstofnun kirkjunnar. Hún benti á að þangað leituðu bótáþegar sem gjarnan væru afkomendur öryrkja og annarra bótáþega. „Við erum að horfa á hópa sem eru af þessari þriðju kynslóð á örorkubótum eða framfærslu félagsþjónustunnar og eru fastir í því horfi. Fólk fer kannski á örorkubætur 24 ára með tvö börn og er bara þar alla sína ævi, það er enginn sem er að virkja þig, það er enginn sem sýnir áhuga á að þú breytir þínu lífi, það finnst mér ógnvænlegt,“ segir Vilborg.

Þetta er rétt athugað. Það á ekki að láta það óáreitt að margar kynslóðir festist í þessu sama fari. Lykilorðið hér er að virkja fólk. Ýmislegt hefur verið gert til þess en má enn gera betur. Ungt fólk þarf að sjálfsgötu að skilja að það er ekki sjálfsagt að þiggja fjárhagsaðstoð; samfélagið á að ætlast til að eitthvað komi á móti og markmiðið á að vera að allir séu í vinnu sem geta unnið.

Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, er með sérkennilegustu afstöðuna í þessu máli. Hann sagði í Fréttablaðinu í gær að væri fjárhagsaðstoðin lægri en raun ber vitni myndu „óþrúttin kapitalistar“ ná að „borga þeim verst settu enn lægri laun“. Samkvæmt þessu væri leiðin til að hækka laun á vinnumarkaði væntanlega að hafa fjárhagsaðstoðina enn ríflegri. Vonandi taka fáir mark á þeirri hagfræði.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

ISLANDSKEK
ilmandi **KEX smiðjan** ljúffengt

ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ – NJÓTTU

FRÁ DEGI TIL DAGS

Froða

Í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í gær fór fram sérstök umræða um „Bætt lífskjör“. Þar var Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra til svara en Páll Valur Björnsson, Bjartri framtíð, spurði. Páll Valur vildi vita hvort Ragnheiður Elín Árnadóttir væri sammála forsvarsmönnum atvinnu- og viðskiptalífsins um mikilvægi þess að samstaða ríkti um það markmið að lífskjör á Íslandi væru sem best. Jú, Ragnheiður Elín hélt það nú. „Við þurfum að leggja saman á árarar,“ sagði hún, „við að greina það sem betur mætti fara og fara í að lagfæra það“. Yfir þessu gladdist Páll Valur. „Það er bara gott ef við stöndum öll saman um þetta,“ sagði hann. Þetta var

sem sagt mjög prúduktíft samtal hjá þeim kollegum.

Opinber þjónusta

Ragnheiður Elín sagði líka þetta: „Opinber þjónusta heitir opinber þjónusta vegna þess að það er þjónusta sem hið opinbera veitir borgurinum.“ Skyldi einhver hafa velkst í vafa.

Hreinlegra að hætta

Björn Valur Gíslason, fyrrverandi þingmaður, hnýtir á bloggsíðu sinni í framsóknarmenn úr Norðvesturkjördæmi, sem hafi í stjórn-málaályktun sinni lagst



gegn ýmsu því sem sitjandi ríkisstjórn stefnir að, svo sem lækun skatta, niðurskurði til menntakerfisins, einkavæðingu vegaframkvæmda og virkjanafarmkvæmda sem ganga á náttúruna. „Það hefði líklega verið hreinlegra og sársaukaminna fyrir framsóknarmenn í NV-kjördæmi að segja skilið við Framsóknarflokkinn en tæta stefnu hans svona niður,“ segir Björn Valur, sem veit vel hvað hann er að tala um, enda var hann sjálfur í stjórnarflokknum Vinstri grænum á síðasta kjörtímabili. Í þeim flokki voru meðal annars tveir þingmenn úr Norðvesturkjördæmi sem rákust þar illa – Jón Bjarnason og Ásmundur Einar Daðason. Þeir sögðu báðir skilið við Björn Val og félag. stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Vinnufriður í skólum

KJARAMÁL



Ketill B. Magnússon
formaður Heimilis og skóla-landssamtaka foreldra

Á komandi vetri er hætta á ófriði í skólum landsins. Kjarasamningar grunn- og framhaldsskólakennara verða lausir. Báðir hópar kennara hafa að undanfögnu lýst yfir óánægju með kjör sín. Fram hefur komið að verkföll kennara komi til greina. Á sama tíma er ekki að sjá að viðræður grunnskólakennara við sveitarfélögin eða framhaldsskólakennara við ríkið séu markvissar. Það heyrir í raun afar lítið af þeim. Full ástæða er fyrir nemendum og skólaforeldra að hafa áhyggjur af verkfallsógninni. Ætla má að við verkfall á báðum skólastigum fari nám rúmlega fjórutíu þúsund grunnskólanema og sextán þúsund framhaldsskólanema úr skordum. Slíkt rask á vinnuumhverfi nemenda getur haft varanleg áhrif á framtíð þeirra auk neikvæðra áhrifa sem verkföll hafa á fjölskyldur og heimili. Margir foreldrar upplifðu siendurtekin kennaraverkföll í sínu námi og vilja helst að þau heyrir fortíðinni til.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra fara þess á leit við samningsaðila að þeir hafi velferð nemenda að leiðarljósi í viðræðum sínum og geri allt sem þeir geta til að tryggja vinnufrið í skólum. Það er einfaldlega ekki ásættanlegt að samningaviðræður séu dregnar

→ Heimili og skóli – landssamtök foreldra fara þess á leit við samningsaðila að þeir hafi velferð nemenda að leiðarljósi í viðræðum sínum og geri allt sem þeir geti til að tryggja vinnufrið í skólum. Það er einfaldlega ekki ásættanlegt ef samningaviðræður eru dregnar á langinn í einhvers konar stórukeppni sem endar með verkfalli.

á langinn í einhvers konar stórukeppni sem endar með verkfalli. Báðir deilu-aðilar bera mikla ábyrgð gagnvart þeim sem ekki fá sæti við borðið en geta orðið fyrir miklum skaða, börnum og ungmennum. Foreldrar fara fram á að samningsviðræðurnar verði markvissar: að kraftur verði settur í þær nú þegar, að deilumálin verði sett fram með skýrum hætti, að uppbyggilegum aðferðum byggðum á gagnkvæmum skilningi og sveigjanleika verði beitt og að samningsviðræðurnar fái þann forgang hjá deilumálum sem þarf. Er til of mikils mælst? Að því spyrja foreldrar.

MatarÆÐI og öfgar

HEILSA

Teitur Guðmundsson læknir



Líklega er fátt sem jafn margir hafa jafn miklar og margvíslegar skoðanir á og mataræði. Umræðan litast mjög af tilfinningum og reynslusögum hvers konar, þar rekur hver kúrin annan og við liggur að landinn umturnist yfir nýjustu skilaboðunum hverju nafni sem þau kunna að nefnast. Þetta hefur verið einkar skemmtilegur tími undanfarið ár eða svo þar sem spekingar hafa bitist um það hvaða leið sé nú best til þess að léttast, auka styrk eða jafnvel hafa áhrif á öldrun líkamans. Umræðan hefur meira að segja farið svo langt að það hefur legið við mannorðsmorði á stundum, svo mikill var hitinn.

Það er óumdeilt, hvaða menntun sem maður hefur, að það sem við setjum ofan í okkur hefur veruleg áhrif á líf og líðan einstaklingsins. Spurningin er bara hvaða áhrif nákvæmlega og hversu mikil fyrir hvern og einn og yfir hversu langan tíma. Vísindin hjálpa okkur þarna vissulega eitthvað og mikið starf hefur verið unnið í mjög langan tíma til að greina vandann og koma með lausnir.

Það merkilega er að þetta er flókið samspil og ekki má gleyma öllum hinum þáttunum sem skipta máli. Þar dugir að nefna erfðir, umhverfisþætti, mengun, eiturefni, andlega líðan

og margt fleira. Í hvaða magni þeir skipta máli er svo kapituli út af fyrir sig. Líklega má segja að enginn hafi þá yfirsýn sem þarf raunverulega til að geta gefið hinar einu „réttu“ leiðbeiningar. Þar liggur sennilega hundurinn grafinn – almenningur og jafnvel fagfólkið veit ekki alveg hverjum það á að treysta í þessu efni og þess vegna fáum við svona gífurlega mörg skilaboð sem einstaklingar eiga hreinlega erfitt með að meðtaka.

Misnotkun og solumennska

Slíkt ástand ýtir undir misnotkun og solumennsku, enda kann líklega hver einasti maður sögu af einhverju sem við nánari skoðun reyndist þvæla og í besta falli skaðlaust. Þó má ekki gleyma því að mjög margt áhugavert hefur komið fram og sú gróska sem við höfum orðið vitni að mun vafalaust leiða til einhverra breytinga í framtíðinni. Opinberar leiðbeiningar í tengslum við mataræði hafa verið lítið breyttar um langt skeið þrátt fyrir gagnrýni úr ýmsum áttum, þar á meðal frá leikmönnum og vel menntuðu fagfólki. Margir hafa stigið fram og rökstutt með ágætum hætti að þeim ætti að breyta. Niðurstaðan í dag er samt í grundvallaratriðum að vera sammála um að vera ósammála. Með þessu er ég ekki að gagnrýna neitt ákveðið heldur einfaldlega að benda á það umhverfi sem við lifum í.

Það sem mér þykir einna áhugaverðast og vonast til er að næringarvitund og þekking almennings aukist, á sama tíma og ég hef af því verulegar áhyggjur þegar við jafn misvísandi upplýsingar er að etja og

„Það er óumdeilt, hvaða menntun sem maður hefur, að það sem við setjum ofan í líf og líðan einstaklingsins.“

raun ber vitni. Satt best að segja hef ég ekki tölu á því hversu oft ég hef verið spurður út í þennan eða hinn kúrin, átt að gefa læknisfræðilegt álit og leiðbeiningar. Í slíku felst mikil ábyrgð og þarf, eins og ég kom inn á hér að framan, að horfa á heildarmyndina, fyrir utan það að hafa áhuga á viðfangsefninu.

Á þessum árum sem ég hef starfað hef ég kannski einna helst lært það hversu lítið við virðumst enn vita um samspil þessara þátta til að geta gefið fullnægjandi leiðbeiningar og einnig að mjög margar og stórkaralegar yfirlýsingar fylgja iðulega nýjum kúrum og áherslum.

Ég er fylgjandi því að reyna eitthvað nýtt en ekki bara vegna þess að það er nýtt, heldur sérstaklega ef það hjálpar til við að breyta óæskilegri vanahegðun, hefur jákvæð áhrif á lífsstíl og lífsgæði fólks og án þess að af því stafi hætta. Mér er sama hvort það er matarkúr eða vítamín, ákveðin hreyfing eða eitthvað annað, það verður að vera rök-rétt og stuðla að jafnvægi einstaklingsins, engar öfgar – heldur styðja við hann og þá undirliggjandi þætti sem hann kann að glíma við hverju sinni. Ég held því fram að slíkt sé lykiltríði í því að verjast sjúkdómum, bæta líðan og auka lífsgæði.

AF NETINU

Sumir geta ekki greitt

Okkur er sagt, að unnt sé að hækka laun lækna með útvistun heilsupjónustu til einkastöðva. Þýðir, að kostnaður þjónustunnar eykst, en ríkið vill ekki greiða viðbótina. Sjúklingurinn borgar mismuninn, samanber tannlækningar. Snýst ekki bara um að geta keypt sig fram fyrir í röðinni. Snýst fremur um, að sumir hafa ráð á þessum mismun, en aðrir ekki.

Aukinn einkarekstur færir heilsukerfi okkar nær Bandaríkjunum. Þar er kerfið tvöfalt dýrara en hér og nær þó bara til helmings þjóðarinnar. Þetta er hluti mikillar og vaxandi stéttaskiptingar þar vestra og mun fljótt stuðla að svipaðri hörmung hér.

<http://www.jonas.is/>

Jónas Kristjánsson



Öflug fjáröflun fyrir hópinn

Samsettir fjáröflunarpakkar eða sérsniðnir eftir óskum hópsins



REKSTRARLAND

Hafið samband við solumenn Rekstrarlands og leitið tilboða. Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Ólis og er dótturfyrirtæki Oliuverzlunar Íslands hf.



Skeifunni 11 | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

Loksins á Íslandi!

Nicotinell með Spearmint bragði - auðveldar þér að hætta reykingum

NÝTT



Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmi. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tobaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhrartseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmis. Ef þú reyrkir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sigarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykst er minna en 20 sigarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtisins (4 mg lyfjatyggigúmmi), skaltu huga minni skammti í staðinn. Tyggja skal eitt stik við reykingabörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stik, þó ekki fleiri en 15 stik af 4 mg og 25 stik af 2 mg lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmisins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfjatyggigúmmis lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, getu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgang lyfjatyggigúmmi þar sem reykingabörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur auknið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sigarettanna á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reidubúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnum, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafraeðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða aðasjúkdóm, of háan blóðþrygging, sykursýki, ofvirkjan skjaldkirtli/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/ eða lífrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmi er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt fruktósaþöfl skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og butýlhýdroxytóluen (E321). Lesið allan fylgiseðlinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiddbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfshafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

SKÚLI SKÚLASON
bífreidastjóri,
Hlíðarhúsum 3, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans
fimmtudaginn 10. október. Jarðarförin fer fram
frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 16. október kl. 13.00.
Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki deildar 11E.

Elsa Aðalsteinsdóttir

Gylfi Skúlason
Anna Sigríður Skúladóttir
Svanlaug Inga Skúladóttir
Örn Viðar Skúlason
afa- og langafabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

ANNA JAKOBÍNA EIRÍKSDÓTTIR
frá Dröngum,

lést þann 5. október á Hjúkrunarheimilinu
Eir. Útförin fer fram frá Digraneskirkju
miðvikudaginn 16. október kl. 15.00.

Þórunn Káradóttir Hvasshóvd
Aðalsteinn F. Kárason
Bergþór N. Kárason
Berglind A. Káradóttir
Ragnheiður S. Káradóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Steinn Hvasshóvd

Guðríður Jónsdóttir
Sigurður H. Árnason
Pálmi Þ. Ívarsson



Eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

lést sunnudaginn 13. október.

Hreiðar Holm
Ólafur E. Hreiðarsson
Pétur Holm
Sigfús Hreiðarsson
Sigrún S. Hreiðarsdóttir
Elín Hreiðarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Helga I. Kristjánsdóttir
Elena Holm
Anna Hafliðadóttir
Bryngjeir Torfason



Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir og amma,

FANNEY LEÓSDÓTTIR
Ammatanga 78, Mosfellsbæ,

verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju
fimmtudaginn 17. október, kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst
hennar er sérstaklega bent á að láta líknardeild Landspítalans
njóta þess.

Már Karlsson
Anna Lára Másdóttir
Birna Björg Másdóttir
Karl Kári Másson
Fanney, Bjarki Már, Hildur Hrönn,
Agnar Már og Fannar Davíð

Sigmar Jónsson
Íris Rut Agnarsdóttir



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, bróðir og afi,

HARALD SIGURVIN ÞORSTEINSSON
pípulagningarmeistari,
Melgerði 18,

varð bráðkvaddur föstudaginn 11. október.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Þorsteinn Haraldson
Sigurður Haraldson
Vigdís Haraldsdóttir
Alfa Kolbrún Þorsteinsdóttir
og barnabörnin.

Katrín Benphad
Deise Dos Santos
Fabio Patrizi
Ingimundur Einarsson



Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

KARÍTAS ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR
Grundargötu 70, Grundarfirði,

lést á St. Franciskusspítalanum í
Stykkishólmi, sunnudaginn 13. október.
Útför hennar fer fram frá Ólafsvíkirkirkju
laugardaginn 19. október kl. 14.00.

Guðjón Elísson
Atli Már Hafsteinsson
Arni Þórarinnsson
Anna Dís Þórarinsdóttir
Kristján Guðjónsson
og barnabörn.

Unnur Edda Garðarsdóttir
Narfi Jónsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
stjúpmóðir, tengdamóðir,
amma, langamma og langlangamma,

REGÍNA FJÓLA SVAVARSDÓTTIR
Aflagrandu 40, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi
föstudaginn 11. október. Útförin fer fram
frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 22. október kl. 13.00.

Hans R. Berndsen
Kristjana Albertsdóttir
Ragnhildur Albertsdóttir
Hrönn Albertsdóttir
Lilja Albertsdóttir
Ásgeir Albertsson
Regína Berndsen
og ömmubörnin.

Rúnar Benjamínsson

Jarþrúður Jónsdóttir



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

FANNEY JÓNSDÓTTIR
dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,
áður Lindasiðu 4,

sem lést fimmtudaginn 10. október verður
jarðsöngin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 18. október kl. 10.30.

Emma S. Rafnsdóttir
Halldór M. Rafnsson
Elinóra Rafnsdóttir
Björg Rafnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Páll H. Sturlaugsson
Ólína Jónsdóttir
Einar Hjartarson
Gunnar Karlsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

ÞORSTEINN BJARNASON
bátsmaður,
Fornhaga 17, Reykjavík,

lést á heimili sínu laugardaginn 12. október.
Útförin fer fram frá Nes Kirkju föstudaginn
18. október kl. 15.00. Þeim sem vilja
minnst hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Guðrún G. Sæmundsdóttir
Sæmundur E. Þorsteinsson
Jón Viðar Þorsteinsson
Rakel Guðrún Óladóttir
Björn Orri, Sigurður Finnbogi og Þorsteinn Sæmundssynir
Þorsteinn Jakob og Guðmunda Jónsbörn

Svana Helen Björnsdóttir
Þórunn Harðardóttir
Sólveig Nielsdóttir



Okkar ástkæra eiginkona,
dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,

KRISTRÚN O. STEPHENSEN
kennari,
Skipalóni 24, Hafnarfirði,

lést laugardaginn 12. október. Útför verður
gerð frá Hafnarjarðarkirkju mánudaginn 21. október kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnst hennar láti líknarstofnanir njóta þess.

Guðlaugur Sigurðsson
Soffía Kristbjörnsdóttir
Soffía Dögg Halldórsdóttir
Halla Dóra Halldórsdóttir
barnabörn, systkini og aðrir aðstandendur.

Daði Friðriksson
Bjarni Adólfsson



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

SIGPRÚÐUR
VALGERÐUR JÓNSDÓTTIR
Hörðukór 3, Kópavogi,

andaðist á heimili sínu sunnudaginn
13. október. Jarðsöngið verður frá Breiðholtskirkju þriðjudaginn
22. október klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er
bent á Breiðholtskirkju.

Jón Guðmundsson
Pétur Lúdvík Jónsson
Helgi Viðar Jónsson
Bjarni Þór Jónsson
Dorle Cernicky
barnabörn og barnabarnabörn.

Rannveig Jóna Hallsdóttir
Lilly Marquez Wdowiak
Auður Ester Guðlaugsdóttir
Carl-Heinz Cernicky



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

JÓNA GÍSLUNN ÁRNADÓTTIR

lést föstudaginn 4. október á Hrafnistu
í Reykjavík. Útför hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hinnar látnu. Innilegt þakklæti til
starfsfólks 3G á Hrafnistu.

Hólmfríður Steinunn Sveinsdóttir og fjölskylda
Inga Guðrún Sveinsdóttir og fjölskylda
Ólafur Sveinsson og fjölskylda



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem
sýndu okkur samúð og hjúg við andlát og
útför ástkærs eiginmanns míns, sonar, föður
okkar, tengdaföður og afa,

GUÐMUNDAR H. JÓNATANSSONAR
Grænlandsleið 34, Reykjavík.

Sigríður Guðmundsdóttir
Lea Kristjánsdóttir
Helgi Guðmundsson
Ómar Guðmundsson
Sandra Margrét
Guðmundsdóttir
og barnabörn.

Þórunn Kolbrún Jónatansdóttir
Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir
Júlíus V. Finnbogason



Hjartkær systir mín,

SIGRÍÐUR STEFÁNSDÓTTIR
áður Heiðarvegi 18, Reyðarfirði,

sem lést sunnudaginn 6. október á
Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hulduhlíð,
Eskifirði, verður jarðsöngin frá Valbjófsstaðarkirkju
fimmtudaginn 17. október kl. 13.30.

Fyrir hönd aðstandenda,
Magnús Stefánsson



Ástkær systir okkar,

MARGRÉT ELÍASDÓTTIR
áður til heimilis að Njálsgötu 94,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann
27. september síðastliðinn. Jarðarförin hefur
farið fram í kyrrþey. Starfsfólki Sóltúns er
þakkað fyrir umönnun hennar undanfarin ár.

Katrín Elíasdóttir
Baldur Elíasson



Ástkær eiginkona, móðir,
tengdamóðir, dóttir og systir,

ANNA SKÚLADÓTTIR
Bláskógum, Fáskrúðsfirði,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 10. október.
Útför hennar fer fram frá Snartarstaðarkirkju
þann 19. október kl. 14.00. Þeim sem vilja
minnst hennar er bent á Krabbameinsfélag Austfjarða.

Jón Finnbogason
Edda Heiðrún Jónsdóttir
Finnbogi Jónsson
Heiðrún Hallgrímsdóttir
Jón Skúli Skúlason

Friðrik Karl Friðriksson
Skúli Þór Jónsson
Sunan Toplod



Haustútsalan

er hafin hjá **Graníthöllinni**

Mikið úrval fallegra legsteina
sjá nánar á granithollin.is

Graníthöllin legsteinar
Bæjarhrauni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 38 88

WWW.KVEDJA.IS

Útvarastofa
SVAFARS & HERMANNSS



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

BAKAÐUR HVÍTLAUKUR

Hvítlaukur er afar hollur. Sérstaklega er gott að baka hann og smyrja ofan á brauð eða setja rifinn út í sósur. Toppurinn er skorinn af og hvítlaukurinn vættur með ólífufolíu, síðan settur í álpappír og bakaður í 35 mínútur við 200 gráður.



NORÐURKRILL ER RÍKT AF ÓMEGA 3

GENGUR VEL KYNNIR Óteljandi heilsufarsávinningar verða með inntöku á krillolíu, einni hreinustu uppsprettunni af ómega 3-fitusýrum úr sjávarríkinu. Nú er einstakt tækifæri til að tryggja sér þetta frábæra efni á 2 fyrir 1 tilboði.

Með NORÐURKRILL fæst einstakur árangur til að auka einbeitingu og byggja upp hjarta-, æða- og ónæmiskerfið fyrir veturinn. NORÐURKRILL er hrein, óunnin náttúruleg afurð sem unnin er úr smáfisknum krill eða ljósátu. Krill er veitt í Suðurskautshafinu. Það inniheldur náttúrulega andoxunarefnið astaxantin og er með viðbættu D-vítamíni. Það sem gerir krillolíuna frá NORÐURKRILLi einstaka og í leiðinni öflugra er að fitukeðjurnar í krillinu eru fosfólípíð sem eru einstaklega auðþptakanleg fyrir líkamann og því mjög áhrifaríkar.

Samkvæmt rannsóknum hefur inntaka á ómega 3-fitusýrum sýnt fram á ótal heilsufarslega ávinninga. Fitusýrurnar eru taldar góðar fyrir hjarta- og æðakerfið, þær efla einbeitingu og hafa styrkjandi áhrif á heila og taugakerfið. Einnig hafa þær góð áhrif á blóðsykursjafnvægi og of hátt kólesteról. Ómega 3-fitusýrur styrkja lifrarstarfsemina, hafa góð áhrif á teygjanleika húðarinnar, vinna gegn öldrun og virka sem jafnvægisstillir fyrir lundina svo eitthvað sé nefnt.

HVAÐ GETUR HÚN GERT FYRIR MIG?

Bólgur og liðverkir: Gott mataræði er einn mikilvægasti þátturinn í að viðhalda góðri heilsu í liðum, brjóski og beinum. Til að fá nægilegt magn af ómega 3 þarf að borða feitan fisk þrisvar til fimm sinnum í viku. Ómega 3 er talið fyrirbyggja bein- og liðsjúkdóma. Ómega 3 minnkar liðverki, stíðleika og bólgur í kringum liðina og víðar um líkamann.

Húð: Ómega 3-fitusýrur eru mikilvægar fyrir frumur líkamans og húðin er þar ekki undanskilin. Vandamál eins og þurr húð, exem eða sórasis geta stafað af skorti á ómega 3-fitusýrum. Húðin er að hluta til úr fjölmömettuðum fitusýrum en margar rannsóknir sýna fram á að inntaka ómega 3 sé mikilvæg-



ur þáttur í að viðhalda heilbrigðri húð. Einnig er nauðsynlegt að fá andoxunarefni til þess að viðhalda heilbrigði húðar. NORÐURKRILL inniheldur astaxanthin sem er eitt öflugasta andoxunarefni sem völ er á.

HEILI/SKAP/EINBEITING

Rannsóknir benda til þess að inntaka á ómega 3 geti haft jákvæð áhrif andlega og bætt einbeitingu til muna. Einnig hefur hún gefið góða raun við kvillum eins og fyrirtíðaspennu og leiða.

Árið 2007 var gerð rannsókn á inntöku krillolíu hjá fullorðnu fólki sem þjáðist af ADHD. Prófaðir voru 25 einstaklingar með ADHD og fengu þeir 500 ml af krillolíu daglega í sex mánuði. Niðurstöðurnar sýndu fram á um 50 prósentu aukningu á skipulags-hæfileikum og 48,8 prósentu aukningu á félagslegri færni.

FYRIR FJALLGÖNGU Norðurkrill er ríkt af ómega 3 sem er gott fyrir bein og liði. Það hentar því þeim sem stunda útivist.

Þú færð NORÐURKRILL í flestum apótekum, heilsuhillum stórmarkaða og heilsubúðum. **2 fyrir 1 tilboð stendur fram til sunnudagsins 20. október.**



NÝKOMINN AFTUR !

teg 12962 - glæsilegur í 80-100CDE skálum á kr. 5.800,-
buxur við kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opíð frá 10-18 virka daga.
Laugardag Nú opíð frá kl 10-14

Vertu vinur



Flottastar !

Háar í mittið og stretch.

Verð 11.900 kr.
Str. 36 - 48

Opíð virka daga kl. 11-18.
Opíð laugardaga kl. 11-16.

black pepper

FASHION
Laugavegi 178 (Bolhólmstugin) | Sími 555 1516

Klökk á myndir og verð á Facebook



VÖRULISTINN HAUST/VETUR 2013 ER KOMINN ÚT

FLETTU HONUM Á WWW.SPEEDO.IS

speedo



GÓÐ GJÖF
Lukka Gissurar-
dóttir, ljós-
móðir í Soropt-
imistaklúbbi
Austurlands,
ásamt Oddnýju
Bjarnadóttur og
Jónínu Salnýju
Guðmundsdóttur
ljósmæðrum og
Mariu Ósk Krist-
mundsdóttur á
fæðingarveild
HSA við afhend-
ingu tækisins.

GÁFU HJARTASÍRITA

Félagasambönd víða um land eru öfl-
ug hvað tækjakaup fyrir heilbrigðis-
stofnanir bstöst. Á dögnum gaf
Soroptimistaklúbbur Austurlands
fæðingarveildinni á Heilbrigðisstof-
nun Austurlands hjartasírita (moni-
tor) að gjöf. Verðmæti gjafarinnar
er 2,1 milljón króna. Tílfni þessarar
rausnarlegu gjafar er tíu ára afmæli
Soroptimistaklúbbsins. Tækið eykur
öryggi í þjónustu fæðingarveild-
arinnar, enda var sá búnaður sem
fæðingarveildin átti fyrir úreltur.

Síritinn er notaður fyrir og í fæð-
ingu til að fylgjast með hjartslætti
barns og tíðni samdráttu hjá móð-
ur. Þessi síriti mælir einnig hjart-
slátt tvíbura og móður. Hann hefur

einnig möguleika á þráðlausri stöð
sem gerir konum kleift að hreyfa sig
á meðan á fæðingu stendur og er því
til stóruaunnar þæginda fyrir konur.

Fæðingarveild HSA í Neskaupstað
er eina fæðingarveildin á Austur-
landi en með gjöfinni vilja soroptim-
istar bæta aðstöðu kvenna til fæð-
inga á svæðinu.

Soroptimistaklúbbur Austurlands
var stofnaður í september árið 2003
af konum á Fljótshálsi, Seyðis-
firði og Borgarfirði eystra. Klúbb-
urinn er hluti af alþjóðasamtökum
soroptimista fyrir konur í stjórnun
og öðrum sérhæfðum störfum. Átján
klúbbar eru starfræktir víða um
land.

LEIÐRÉTTING

Í greininni „Mikilvægt að tengja rétt“ í sérblaðinu „Rafgeymar og vatns-
kassar“ sem fylgdi Fréttablaðinu 12. október var leiðinleg villa.
Í síðasta liðnum á að standa: Þegar kaplarnir eru aftengdir er það gert
í öfugri röð miðað við hvernig þeir voru tengdir. Fyrst skal aftengja
klemmuna á mínusskauti tóma rafgeymisins, síðan mínus á fulla raf-
geyminum, þá plús á fulla rafgeyminum og að lokum plús á tóma raf-
geyminum.

INFLÚENSAN ER ÓÚTREIKNANLEG

BÓLUSETNING Árleg influensa er ekki enn komin til landsins en gæti senn
látið á sér kræla. Því er nú rétti tíminn til að fá bólusetningu við flensunni.

Yfirleitt er von á influensunni upp úr
áramótum en þó getur hún komið
hvenær sem er og allt eins í nóvem-
ber eða desember,“ segir Þórólfur Guðna-
son, yfirlæknir sóttvarna hjá Embætti land-
læknis.

Þórólfur segir bóluefni gegn árlegri inflú-
ensu vera komið til landsins og almenna
bólusetningu vera í höndum heilsugæsl-
unnar, auk þess sem bólusettingu er á sjúkra-
stofnunum og í ýmsum fyrirtækjum.

„Bóluefnið inniheldur vörn gegn svína-
inflúensunni sem gekk hér 2009/2010 og
að auki vörn gegn influensu af stofni H3N2
og influensu B. Bólusetning veitir allt að
60 til 70 prósentu vörn gegn sjúkdómnum
og jafnvel þótt bólusetting einstaklingur fái
inflúensu eru allar líkur á að sjúkdómurinn
verði vægari en ef hann væri óbólusettur,“
segir Þórólfur um influensuna, sem getur
reynst áhættuhópum og eldri einstakling-
um alvarleg og jafnvel lífshættuleg.

„Inflúensan er oftast nær verri en veiru-
sýkingar sem valda umfangspestum. Hún
er líka óútreiknanlegri og fólk fær hana
mun hastarlegar, ekki síst eldra fólk og ein-
staklingar sem tilheyra áhættuhópum,“
útskýrir Þórólfur.

Áhættuhópar njóta forgangs við bólu-
setningu og þeir sem orðnir eru sextíu ára
og eldri eru hvattir til að láta bólusetja sig.
Vakin er athygli á að eftirtaldir áhættuhóp-
ar eiga rétt á bóluefninu sér að kostnaðar-
lausu.

„Við mælumst til að eftirtaldir áhættu-
hópar njóti forgangs við influensubóluset-
ningar: allir einstaklingar 60 ára og eldri, öll
börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum
hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdóm-
um, sykursýki, illkynja sjúkdómum og
öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum. Einnig



þungaðar konur og heilbrigðisstarfsmenn
sem annast einstaklinga í áhættuhópum
sem taldir eru upp hér að framan,“ útskýrir
Þórólfur.

Hann segir influensuna mismunandi á
milli ára. „Eins og undanfarin ár er ekki
nákvæmlega vitað hvaða tegund influensu
mun herja á landsmenn veturinn 2013 til
2014. Þá er ekki heldur vitað fyrir fram
hversu öflugt bóluefnið er en á hverju ári
er búið til nýtt bóluefni þar sem spáð er
fyrir um hvernig það muni takast á við
flensuna. Stundum passar það ágætlega og
stundum ekki eins vel.“

Að sögn Þórólfs geta allar bólusetningar
valdið óþægindum.

„Inflúensubólusetning getur valdið roða,
þrota, eymslum og jafnvel smá slappleika
en þau einkenni eru ekkert í samanburði
við það sem influensan veldur sjálf. Því
má heldur ekki gleyma að nú er mikið um
hvers kyns umfangspestir og því auðvelt
að kenna bólusetningunni um. Hið rétta er
að influensubólusetningin veldur hvorki
alvarlegum veikindum né háum hita.“

FLENSUSPRAUTA

Bólusetning gegn
inflúensu veitir allt að
70 prósentu vörn gegn
sjúkdómnum. Algengur
misskilningur er að
aukaverkanir hennar séu
meðal annars alvarleg
veikindi og hár hiti.



**ÞÓRÓLFUR
GUÐNASON**
yfirlæknir sóttvarna hjá
Embætti landlæknis.

Heilsu Qigong

5 helstu ástæður þess að idka qigong
Qigong (borið fram „tsi-gong“) er yfir 5.000 ára gamalt æfingakerfi
í heilsurækt þar sem saman fer qi, sem merkir „lífskraftur“, og gong,
sem merkir „nákvæmar æfingar“.

- 1. Aukin vellíðan og lífsþróttur**
Minnkar blóðþrýsting, bætir hjarta- og æðastarfsemi,
jafnar hjartsláttartíðni og minnkar kólesteról.
- 2. Dregur úr þrálátum sársauka**
Með hjálp sjónar og stjórn hugar og líkama getur
þú dregið úr þrálátum sársauka frá lídagigt.
- 3. Betra blóðstreymi**
Með sérstökum öndunaræfingum getur þú aukið
súrefnisflæði í líkamanum.
- 4. Dregur úr spennu**
Með því að minnka viðbrögð við spennuvekjandi álagi.
Hjálpar gegn þráhyggju- og áráttuþegðun, þunglyndi
og kvíða og persónuleikaeinkennum af A-gerð.
- 5. Byggir upp sjálfsvirðingu**
Með því að leyfa þér að líða vel og þægilega.

Skráning í síma 553 8282

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekin.is

Lyfjaskömmun kemur reglu á lyfjatökuna

HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAUVER.IS

LYFJAUVER

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður aug-
lýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi
viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýs-
ingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn
Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

INNHALD ER 50%: BROKKOLI OG RAUÐRÓFUR

**+ GULRÆTUR, SPÍNAT,
KÁL, STEINSELJA**

Hlaðið næringefnum og orku fyrir frumurnar
Eykur blóðflæði og súrefnismettun í blóðinu um allan líkama
og gefur vernd gegn ótímabærri öldrun í frumum. Brokkoli
inniheldur **Sulfur** og rauðrófur innihalda **Nitric Oxide**.
Styrkir ónæmiskerfið, heilsuþætandi og hreinsar frumurnar.
Gefur mikla orku, eykur enduheimt, getu og úthald. Gefur
langa blóðsykurjöfnun og vellíðan.

Orkuskot náttúrunnar
Inntaka 30 mín fyrir æfingar eða vinnu
- mikill upptaka á næringaefnum.
40 daga skammtur.

100% LÍFRÆNT

Fæst í helstu heilsubúðum, Lyfju, Hagkaup og Krónunni.

lifestream

BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 15. OKTÓBER 2013



LAND ROVER HÆTTIR FRAMLEIÐSLU DEFENDER-JEPPANS EFTIR TVÖ ÁR

Margir aðilar í íslenskri ferðþjónustu treysta á Defender en enginn eins og Ísak, sem er með 19 Defender-bíla.

Land Rover-verksmiðjurnar gáfu það upp í síðastliðinni viku að þær ætla að hætta smíði Land Rover Defender-bílsins eftir 67 ára framleiðslu. Nafnið Defender fékk þessi goðsagnakenndi bíll reyndar ekki fyrr en árið 1990 en engu að síður á hann rætur sínar í bíl sem kom fyrst á markað árið 1948 undir nafninu Series I Land Rover. Defender verður að sjálfsgöðu leystur af hólmum með nýjum bíl frá Land Rover og verður hann kynntur árið 2015. Framleiðsla Defender hættir 20. desember árið 2015. Helsta ástæða þess að framleiðslunni á Defender verður hætt er sú að hann stenst ekki þær mengunarkröfur sem gerðar eru til bílaframleiðenda. Þessar fréttir munu örugglega ekki minnka áhuga þeirra sem gætu hugsað

sér að eiga þennan sterkbyggða bíl. Þessi bíll hentar aðstæðum hér á landi mjög vel, enda algjör vinnuþjarkur sem ræður vel við erfiðar aðstæður eins og við Íslendingar búum við og slíkur bíll veitir eiganda sínum mikið frelsi til að skoða okkar fallega land, ekki síst hálandið.

Ísak er með 19 Defendera í sinni þjónustu
Mörg þeirra fyrirtækja hérlendis sem bjóða ferðamönnum afnot af jeppum til lengri og styttri ferða á torfærari slóðir eru einmitt með marga Defender-bíla í sinni þjónustu, ekkert þeirra þó í eins miklu magni og fyrirtækið Ísak, sem er með eina 19 slíka bíla. Margir þekkja vel til þessara bíla því 17 þeirra eru með skráningarnúmerin Ísak 1 til Ísak 17 og eru oft áberandi á götum og slóðum landsins, þá oft margir saman í för. Ísak býður þeim sem taka slíka bíla á leigu að aka þeim

sjálfir, þó svo að í flestum tilvikum séu starfsmenn Ísaks með í för. Bílunum hefur fjölgað mjög hjá fyrirtækinu en það keypti fyrstu tíu Defender-bíla sína nýja árið 2008. Flotinn hefur stækkað um nær helming síðan. Móður-fyrirtæki Ísaks, Ísafold, er einnig með þrjú Econoline-bíla, einn Toyota Hiace og einn Mercedes Benz Vario-kálf sem að sjálfsgöðu er fjórhjóladrifinn.

Nóg að gera yfir veturinn líka

Flestir myndu ætla að útleigan einskorðaðist að mestu við sumartímamann en Jón Baldur Þorbjörnsson, aðaleigandi fyrirtækisins, segir að svo mikið sé að gera nú að þeir gætu vart verið meira á ferðinni og bókanir fyrir veturinn líti afskaplega vel út. Það er í takt við markmið ferðaþjónustunnar, að nýta þá fjárfestingu sem í ferðageiranum er sem best allt árið. Það hefur

greinilega lukkast vel í tilfelli Ísaks. Viðskiptavinir Ísaks eru 85-90 prósent útlendingar, en sífellt vinsælla virðist að íslensk fyrirtæki verðlauni starfsmenn sína með spennandi ferðum og leigi vænan flota af Ísak-bílum í ferðir sem Ísak skipuleggur. Jón Baldur hvetur íslensk fyrirtæki til að kynna sér þessar ferðir því gríðarleg ánægja hefur verið með þessar ferðir og margir fara á slóðir sem þeir hafa aldrei farið á áður og kynnast landinu sínu betur fyrir vikið. Ísak er ávallt með labbrabbstöðvar í öllum bílunum og myndast afar góð stemning í kringum það spjall sem á milli bílanna fer.

Defender er ekki spurning um líf eða dauða

En hvað segir Jón Baldur um þau áform Land Rover að hætta framleiðslu Defender-bílsins? „Betri fréttir var að sjálf-

sögðu hægt að fá en þó eru margir kostir í stöðunni. Það er að festa kaup á fleirum áður en framleiðslan hættir eða gera eins og við höfum talsvert gert af, kaupa notaða Defender-bíla og halda þeim vel við, eins og við gerum af kostgæfni. Land Rover hefur gefið það upp að annar bíll muni leysa Defender af hólmum og líklegt er að hann verði ekki jafn heppilegur og núverandi Defender. Líklega þurfum við að leita á önnur mið og þá kemur fyrst upp í hugann G-Länderwagen frá Mercedes Benz, en hann er gríðarsterkur bíll. Umfram allt þurfa þetta að vera alvöru bílar sem þola vel jask og ekki sakar að þeir þoli stærri dekk og aðrar breytingar. Ég sé fram á að floti okkar stækki á næstu árum og það eru margir möguleikar í stöðunni. Eitt er víst, eftirspurnin er bara að aukast.“

LYFTARARAFGEYMAR

BETRI ENDING MEÐ EXIDE

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir lyftara. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda. Exide rafgeymarnir fást hjá Olís.

EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

olis

Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma 515 1257 eða kjartans@olis.is og fáið nánari upplýsingar.

HONDA
ACCORD 2,0-VTEC



2,0 L BENSÍNVÉL, 156 HESTÖFL
Framhjóladrif

Eyðsla 7,0 l/100 km í bl. akstri
Mengun 162 g/km CO₂

Hröðun 11,3 sek.
Hámarkshraði 215 km/klst.
Verð frá 4.690.000 kr.
Umboð Bernhard



- Hljóð í innra rými
- Lágt verð
- Hörd fjöðrun



- Stærð
- Lágt verð
- Gæða smíði

ACCORD SNÝR AFTUR OG ER GÓÐUR SEM FYRR

Þessi níunda kynslóð bílsins er bæði styttri og mjórri en síðasta kynslóð og er það óvenjulegt við kynslóðaskipti.

HONDA ACCORD 2,0I-VTEC Reynsluakstur

Næstmest seldi fólksbíl í Bandaríkjunum í ár er Honda Accord með tæp þrjú hundruð þúsund eintök seld til loka september. Þessi bíll hefur átt gríðarmiklum vinsældum að fagna í langan tíma, eða 37 ár, en hann var fyrst kynntur til sögunnar árið 1976. Hann var fyrsti japanski bíllinn sem framleiddur var í Bandaríkjunum og hófst framleiðsla hans þar árið 1982. Hann hefur verið á topp tíu lista Car&Driver í 26 ár og finnst vart dæmi um annað eins. Honda Accord hefur einnig notið mikilla vinsælda hérlendis. Hann hvarf þó af markaði hér eftir hrun en er nú aftur til sölu hjá Bernhard. Af svo rótgrónum bíl að vera kemur ekki á óvart að hann er nú af níundu kynslóð. Hann var tekinn til kostanna um daginn og reynsluakstursbíllinn var með 2,0 lítra bensínvél, en Accord má einnig fá með 2,2 lítra dísilvél. Bíllinn býst líka í langbaksútfærslu með báðum vélargerðum.

Hófsamt útlit en gæðasmíði

Ytra útlit Honda Accord er ekki djarft og það læðist að sá grunur að hönnun hans hafi aðallega tekið mið af markaði í Bandaríkjunum, enda mikið undir þar. Að mati reynsluökumans er bíllinn ekki sláandi fallegur en stæðilegur er hann. Eitt er öruggt, hann er örugglega vel smíðaður eins og allir bílar sem frá Honda koma. Ending bíla frá Honda er þekkt, sem og lág bilanatíðni, og tilfinningin fyrir þessum bíl rímar ágætlega við það. Þarna fer gæðabíll sem hvorki hafa verið teknir miklir sýnsar með hvað útlitið varðar né í innri hönnun, en allt er einkar lógískt og vel útfært. Tveggja lítra bensínvél in er skráð fyrir 156 hestöflum,



Níunda kynslóð Honda Accord er sannarlega fullvaxinn fjölskyldubíll. Línur hans eru hófsamar og líklegar er að kaupendur í Bandaríkjunum hafi helst verið hafðir í huga við hönnun útlits hans.

sem dugar þessum frekar stóra fólksbíl ágætlega, en hann er heldur engin spyrnukerra. Vélin er tengd við sex gíra CVT-sjálfskiptingu en bíllinn má einnig fá með fimm gíra beinskíptingu. Hann er talsvert sneggr með beinskíptingunni og fer sprettinn í hundrað á 9,3 sekúndum. Hann er nokkru hægari með sjálfskiptingunni, þ.e. 10,8 sekúndur í 100. Þessi sjálfskipting er alls ekki slæm af CVT-skiptingum að vera en þó myndi reynsluökumaður alltaf taka bíllinn frekar með beinskíptingunni.

Styttri, mjórri og léttari

Þessi níunda kynslóð Honda Accord er níu sentimetrum styttri en sú áttunda og tveimur sentimetrum mjórri. Það er ekki oft sem bílar minnka milli kynslóða en Honda-mönnum hefur fundist nóg um stærð

hans og innanrými bílsins er ekki þjakað af þessari minnkun. Í sínum flokki er Accord enn einn af þeim stærri hvað innra rými varðar og það fer vel um farþega í þessum bíl. Skott-rými hefur aukist þrátt fyrir að ytri málin hafi minnkað og rými fyrir aftursætisfarþega er yfrið. Höfuðrými í framsætum leyfir þó ekki að sætin séu hækkuð í hæstu stöðu en þá er höfuð ökumans að meðalhæð komið upp í þak bílsins. Stjórn-tæki hins nýja Accord hafa verið einfölduð en sumum þótti nóg um takkaflóð fyrri kynslóðar og það tekur vafalaust minni tíma að venjast þessari nýju kynslóð. Efnisvalið hefur einnig batnað til muna, þótt seint sé hægt að segja að það leiftri af íburði. Þó sést vel hvað allt er óaðfinnanlega smíðað. Sérstök ástæða er til að minnast á frábær fram-sætinn sem halda vel utan um

ökumann, mikil framför þar. Mælaborðið er smíðað í heilu lagi, ekki úr mörgum þörtum, og á það að koma í veg fyrir núningshljóð sem myndast gjarna í mælaborðum sem gerð eru úr mörgum þörtum. Ekki heyrðist nokkur hlutur frá þessum hluta bílsins. Honda Accord er þó ekki með hljóðlátustu bílum því hvorki vélar- né dekkjahljóð er eins dempað og í flestum lúxusbílum. Mest heyrst þó í vélinni.

Á flottu verði

Akstur Honda Accord er ánægjulegur en þar fer samt ekki fimasti kötturinn. Fjöðrun bílsins er frekar hörð, sem kemur aðeins á óvart fyrir svo stóran bíl, en fyrir vikið má talsvert leggja á hann. Hann étur því ójöfnur ekki eins vel og margir myndu óska sér. Honda hefur tekist að létta Accord-bíllinn um 4,5 prósent og hefur það


aukið ökuhæfni hans. Hann er nú 1.484 kíló. Létt og sparsóm fjögurra strokka vélin gerir hann léttan að framan og fyrir vikið er stýring hans ánægjuleg og létt. Bíllinn er lipur í bæjarakstrinum og tiltölulega breið dekk hans, 225/50R 17 tommur, gefa honum mikið veggrip. Uppgefin eyðsla bensínbílsins er 7,0 lítrar og það er hægt að staðfesta úr reynsluakstrinum. Dísilútgáfa hans er öllu eyðslugrenni, með 5,4 lítra í blönduðum akstri, en hann er líka 800.000 kr. dýrari í beinskíptri útfærslu og 1.400.000 kr. dýrari sjálfskiptur. Um það munar hressilega. Verð Honda Accord með 2,0 lítra bensínvél er afar samkeppnishæft, eða 4.690.000 kr. beinskíptur og 4.990.000 kr. sjálfskiptur. Honda Accord er með heilmikinn staðalbúnað og margt leynist þar sem aðeins mætti búast við í lúxusbílum.

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins Finnur Thorlacius finnurth@365.is Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Skaftahlöð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 Auglýsingar Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbirgir@365.is Sími 5125432 Hönnun Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

GERÐU VERÐSAMANBURÐ! - FÁÐU UPPLÝSINGAR OG TILBOÐ Á WWW.DEKKJAHOLLIN.IS

Einstakir
naglalausir
kostir



Sonar PF-2
Óneglanlegt vetrardekk
á frábæru verði.



Marangoni Meteo HP
Óneglanlegt örkornadekk.
Hannað til heilsársaksturs.



Yokohama IG30
Loftbóludekkið sem
tryggir gott grip án nagla.



Yokohama W.drive V902
Einstök hönnun -
geggjað grip allt árið.

DEKKJAHÖLLIN
REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR - AKUREYRI

AKUREYRI
Draupnigötu 5
462 3002

EGILSSTAÐIR
Pverklettum 1
471 2002

REYKJAVÍK
Skeifunni 5
581 3002

REYKJAVÍK
Skútuvogi 12
581 3022

www.dekkjahollin.is

JÓLAHLAÐBORÐ

ÞRIÐJUDAGUR 15. OKTÓBER 2013

Kynningarblað Matur, skemmtiatriði, borðsiðir og uppskriftir.



Haldið í hefðirnar á Satt Restaurant.

MYND/ICELANDAIR HOTELS

Satt Restaurant á Icelandair hótel Reykjavík Natura.

„Við höldum fast í hefðirnar á Satt Restaurant enda áralöng hefð fyrir jólahlaðborði hér á hótelinu. Þetta eru þriðju jólin okkar síðan við tókum við rekstrinum og við byggjum á því gamla og góða en þó með nýjum áherslum. Við skiptum hlaðborðunum okkar niður og bjóðum meðal annars upp á síldarborð, hangikjötsborð, heilsuþorð, eftirréttaborð og svo framvegis. Salurinn er skreyttur með íslenskum jurtum og viði úr norðlenskri náttúru en Laufey Skúladóttir frá Stóru-Tjörnum sér um skreytingarnar fyrir okkur,“ segir Hrafnhildur Steindórsdóttir, veitingastjóri á Satt Restaurant á Icelandair hótel Reykjavík Natura.

Jólahlaðborðin hefjast fimmtudaginn 14. nóvember og verða öll fimmtudags-, föstudags- og laugar-dagskvöld og svo alla daga fram að jólum frá 5. desember. Hádegisjólahlaðborð er einnig á sínum stað.

„Gestirnir okkar koma ár eftir ár og bóka yfirleitt strax aftur fyrir næsta ár. Guðrún Árný Karlsdóttir söngkona syngur fyrir gesti eins og hún hefur gert undanfarin ár og á sunnudögum fáum við jólasvein í heimsókn í hádeginu. Það er eitthvað fyrir alla fjölskylduna hér á Satt,“ segir Hrafnhildur.

Borðapantanir: 444 4050 – allar nánari upplýsingar: www.sattrestaurant.is



Jólin á Icelandair Hotels

Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi á jólahlaðborðum veitingastaða Icelandair Hotels. Á Slippbarnum eru farnar óhefðbundnar leiðir á meðan gamalgrónar hefðir fá að njóta sín á veitingastaðnum Satt. Í hátíðarsal Hilton er boðið upp á glæsilegar jólakræsingar með nýjum og skemmtilegum útfærslum og dansleik.

Jóladýrðin á Hilton Reykjavík Nordica og VOX Restaurant

„Í hátíðarsal Hilton munum við bjóða upp á jólamat með breyttum áherslum frá því sem áður hefur verið. Það verður ekki eitt stórt og langt hlaðborð eins og fólk á að venjast, heldur fleiri smærri borð og skemmtilegrí útfærslur á matnum sjálfum. Við munum til dæmis bjóða upp á sushi á jólahlaðborðinu sem við höfum ekki gert áður,“ útskýrir Páll Hjálmarsson, veitingastjóri á VOX Restaurant á Hilton Reykjavík Nordica.

„Þá verðum við einnig með jóladansleik í fyrsta skipti nú í ár frá 22. nóvember til 14. desember.

Pálmi Sigurhjártarson píanóleikari og Erna Hrönn Ólafsdóttir söngkona verða með okkur eins og undanfarin ár og skemmta gestum meðan á borðhaldi stendur. Þegar líður á kvöldið bætist Eyþór Ingi Gunnlaugsson í hópinn með hljómsveit og skemmtunin breytist í dansleik. Dansinn dunar svo fram eftir.“ Á VOX Restaurant verður sérstakur jólamatseðill í boði frá 18. nóvember fyrir þá sem kjósa framúrskarandi þjónustu og umgjörð á adventunni. Sem fyrr verður jólahádegishlaðborð á virkum dögum og jólabrunch um helgar.

Borðapantanir: 444 5050 – nánari upplýsingar: www.vox.is



Boðið verður upp á sushi meðal annars á jólahlaðborði VOX.

MYND/ICELANDAIR HOTELS



Öðruvísi jól á Slippbarnum.

MYND/ICELANDAIR HOTELS

Slippbarinn á Icelandair hótel Reykjavík Marina

„Jólin eru öðruvísi hjá okkur. Matseðillinn okkar er ekki beinlínis hefðbundinn jólamatseðill. Við erum ekkert í reyktum og söltum mat heldur leggjum áherslu á létt og ferskt og óhefðbundið. Hér fær enginn bjúg,“ segir Jóhannes Steinn Jóhannesson matreiðslumeistari á Slippbarnum á Icelandair hótel Reykjavík Marina.

Jóhannes segir Slippbarinn kærkomið skjól í yfirþyrmandi jólaönsinni og þar finni allir eitthvað við sitt hæfi. Maturinn er útbúinn af framúrskarandi kokkum en Bjarni Siguróli Jakobsson, matreiðslumaður á Slippbarnum og Jóhannes Steinn, hafa báðir hampað titlinum matreiðslumaður ársins.

„Við bjóðum upp á mikið stuð og gífurlega góðan jólamat. Við vorum í fyrsta skipti með jólahlaðborð í fyrra og því var mjög vel tekið. Það verður því með sama sniði í ár en þó með nokkrum viðbótum. Hlaðborðið verður bæði í hádeginu og á kvöldin og við byrjum 29. nóvember. Eftir það verður það öll hádegi og kvöld fram á Þorláksmessu. Það finna allir eitthvað við sitt hæfi hjá okkur og mjög sniðugt fyrir hópa að kíkja til okkar í hádeginu. Við erum til dæmis með frábært jólapúns sem kokteilmeistararnir okkar sérblanda af einstakri snilld. Púnsið setur algjörlega punktinn yfir i-íð á jölunum“ fullyrðir Jóhannes.

Borðapantanir í síma: 560 8080 – nánari upplýsingar: www.slippbarinn.is

Þræðir jólahlaðborðin á aðventunni

Sigfús Ólafsson er mikill matgæðingur en hann var á meðal keppenda í Masterchef Ísland á Stöð 2 þar sem hann sýndi góða takta. Hann nýtur sín vel á aðventunni og fer mörgum sinnum á jólahlaðborð.

Sigfús er jólabarn og kann að njóta þess sem skammdegid býður upp á. Strax í lok nóvember fer hann á fyrsta jólahlaðborðið. „Ég er í vinnuhópi sem hittist árlega á aðventunni í jólahlaðborði í heimahúsi. Ýmist föfum við keypt mat frá veisluþjónustu eða útbúið hann sjálf. Einnig er hefð hjá mér að fara á Baggalúts-tónleika með nokkrum félögum en á undan þeim erum við með lítið jólahlaðborð heima hjá einhverjum okkar,“ segir Sigfús en þar með er ekki allt upp talið.

„Ég fer að minnsta kosti tvisvar á Jómfrúna fyrir hver jól og fæ mér jólaplatta. Þá fer ég tvisvar á jólahlaðborð hjá Icelandair-hótelunum, annaðhvort á Satt, sem áður var Hótel Loftleidir, eða Vox,“ segir Sigfús, sem starfar sem markaðsstjóri hjá Loftleiðum Icelandic sem er í eigu Icelandair. Hann segist stundum freistast til að kíkja í hádegini á jólahlaðborðið á Satt

sem er í sama húsi. „Í desember nýt ég þess að fara út að borða og smakka góðan mat,“ greinir hann frá. „Purusteikin er í miklu uppáhaldi og sömuleiðis gott hangikjöt. Ég vil hins vegar helst hafa léttu forrétti á jólahlaðborðinu, laxatartar eða álfka.“

Skata, síld og rúgbrauð

„Skata er árlega, annaðhvort hjá Premur frökkum eða á Hótel Borg. Þegar stýttist í jólin hef ég ánægju af að útbúa jólalega rétti heima. Rúgbrauð og síld og taðreykt hangikjöt er oft á borðum,“ segir Sigfús sem reynir að klára jólaundirbúning snemma.

Sigfús gerir fjóra til fimm forrétti með rúgbrauði. „Ég baka rúgbrauð í ofni og þurrka það, tæti síðan í brauðmola og steiki upp úr smjöri. Með brauðinu ber ég fram síld, reyktan lax og hrátt eða soðið hangikjöt. Ef ég syð hangikjötið bý ég til einstaklega gott uppstúf sem



Sigfús Ólafsson vinnur í sama húsi og Satt veitingahús og freistast oft í jólahlaðborð í hádegini. Honum finnst dásamlegt að borða góðan mat á aðventunni.

MYND/PIETUR

ég lærði af móður minni. Hún setti alltaf grænar baunir með soðinu út í uppstúfið sem gefur gott bragð og síðan er sett vel af pipar. Ég nota nær aldrei uppskriftir en fer stundum inn á Youtube og skoða hvernig matreiðslumenn gera hlutina. Þar eru til dæmis stuttir þættir með Gordon Ramsey.“

Matargerð er bæði ástríða og áhugamál hjá Sigfúsi. „Ég er þegar búinn að bóka eina helgi í nóvember en svo fer allt í gang í desember. Sama dag og jólaball Icelandair

er haldið er lítið jólahlaðborð á skrifstofunni í vinnunni. Við erum um tuttugu manns sem störfum í minni deild. Allir koma með einn rétt og það er gríðarlegur metnaður í matargerðinni. Þetta er svakaleg veisla,“ segir Sigfús.

Hefðbundin jól

Þegar Sigfús er spurður hvað sé þá í matinn á jólinum, svarar hann: „Skata á Þorláksmessu, hamburgarhryggur á aðfangadagskvöld og reyktur lax með laufabrauðinu

sem er bakað úr rúgmjöli. Það er síður úr Þistilfirði en móðir mín er þaðan. Á jóladag er kalt hangikjöt og uppstúf en á annan dag jóla eru afgangar nýttir í tartalettur. Kalkúnn er síðan alltaf á borðum á gamlárskvöld. Ég hefði vilja hafa rjúpur um hátíðirnar en hef ekki komist á skytteri,“ segir Sigfús sem hlakkar til aðventunnar. „Það er aldrei neitt stress hjá mér fyrir jólin. Ég vil njóta aðventunnar með fjölskyldunni. Þetta er dásamlegur tími.“



Vel er tekið á móti öllum matargestum í Hörpu og allt gert til að gera málsverðinn sem eftirminnilegastan.

MYND/ARNÞÓR

Eitthvað fyrir alla í Hörpu

Í **Hörpu** verður jólastemningin allsráðandi en þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi, allt frá hjónum sem vilja gera sér glaðan dag til 500 manna fyrirtækja sem vilja bjóða á glæsilegt jólahlaðborð.

Nokkrar mismunandi leiðir eru í boði fyrir þá sem vilja njóta jólamáltíðar í Hörpu. Halldór Kristjánsson, rekstrarstjóri KH Veitinga ehf., segir úrvalið afar fjölbreytt.

Glæsilegt hlaðborð og frábær skemmtun í Silfurbergi

Í Silfurbergi verður boðið upp á metnaðarfullt jólahlaðborð og flotta skemmtidagskrá. „Kokkarnir okkar hafa slegið öll met enda verður jólahlaðborðið mjög viðamikili í ár. Þar má nefna glæsilega forrétti, síld, kalda og heita aðalrétti, grænmetisrétti, endalausar sósur og meðlæti og að lokum eftirréttahlaðborð,“ upplýsir Halldór. Hann segir undirtektirnar hafa verið afar góðar í fyrra þegar jólahlaðborðið var haldið í fyrsta sinn.

Skemmtidagskráin í Silfurbergi er ekki af verri endanum. „Undir borðhaldinu verður létt píanótónlist eins og hefð er fyrir. En þegar fer að líða á desertinn stígur Stórsveit Reykjavíkur á svið, sem er átján manna big band,“ segir Halldór. Með sveitinni syngja síðan stjórnurnar Valdimar og Sigríður Thorlacius. „Það verður varla hátíðlegra en það,“ segir Halldór og lofar að vel muni fara um alla í salnum enda sé hátt til lofts og vítt til veggja.

Fleiri salir fyrir lokaða hópa

Þeir fyrirtækjahópar sem vilja vera út af fyrir sig koma ekki að lokuðum dyrum í Hörpu. „Við erum með sali fyrir stóra og smáa hópa,“ segir Halldór og er sérlega spenntur fyrir nýja salnum, Björtuloftum,

sem er á sjöttu og sjöundu hæð hússins. „Það er hentugur salur fyrir 60 til 110 manna hópa. Þaðan er verulega glæsilegt útsýni yfir Reykjavík og frá alveg nýju sjónarhorni enda horft yfir höfnina og inn yfir bæinn,“ lýsir hann.

Halldór segist hafa miklar væntingar til salarins enda hefur fólk lýst mikilli ánægju með hann.

Fleiri salir eru í boði, til að mynda Norðurljós sem rúmar 150-200 manna hópa.

Jólin á Kolabrautinni

Á veitingastaðnum Kolabrautinni verður boðið upp á glæsilegan jólamatseðil. Þar er ekki um hefðbundið jólahlaðborð að ræða heldur kemur hálfgerð hlaðborð á borðin til fólks. „Þá fær fólk alla forrétti á borðið til sín, velur sér þann aðalrétt sem það vill borða og fær síðan smakk af öllum eftirréttum,“ útskýrir Halldór. Hann segir þetta fyrirkomulag hafa hugnast fólki mjög vel í fyrra.

Réttina segir hann nýstárlega með klassísku ívaði. „Það verður ítalskt yfirbragð á matreiðslunni,“ lofar hann og nefnir sem dæmi um aðalrétti andabringu, pönnusteiktað þorsk, nautalund og svínasiðu.

Fljótlegt á Munnhörpunni

Á Munnhörpunni á jarðhæð Hörpu verður boðið upp á veglegan jólaplatta fyrir 4.500 krónur öll kvöld og í hádegini um helgar. „Alla virka daga býður Munnharpan upp á PALEO-heilsuhlaðborð í anda jólanna og að sjálfsögðu jólaglög og gömlu góðu piparkökurnar,“ segir Halldór.

Pantanir þegar hafnar

Fyrirtæki eru nú í óða önn að skipuleggja jólahlaðborð og því um að gera að panta sem fyrst. Pöntunarsími í Hörpu er 519-9771 en einnig má panta í gegnum netfangið jona@horpudiskur.is. **Nánari upplýsingar** er að finna á harpa.is, kolabrautin.is og munnharpan.is.

Haust

A la Carte

4ra rétta seðill og A la Carte í Perlunni

4ra rétta seðill

verð 8.350 kr.

PORSKUR Á TVO VEGU
með tómát-maís salsa, laukspírum, svörtum olívum og graslaukssósu.

HUMARSÚPA
Rjómalöguð með Madeira og grilluðum humarhölum.

LAMBAHRYGGUR
með smælki, rauðrófum, gulrófum og rósmarinsósu.

*** eða ***

FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni
útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

HVÍTSÚKKULAÐI MÚS
með skyrfroðu, ferskjum, garðblóðbergi, og bláberjasorbet.

Gjafabréf
Perlunnar
Góð gjöf við
öll tækifæri!



Stefán Elí Stefánsson
Yfirmatreiðslumaður



Jóhannes Gunnarsson
Yfirbjónn



Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

Villibráð

Villibráðarhlaðborðið er frá
24. október til 20. nóvember.

Jólahlaðbord

Jólahlaðborðið er frá
21. nóvember til 30. desember

Jól á ensku hefðarsetri

Jólin eru annasamur tími fyrir fröken Patmore og aðstoðarfólk hennar í eldhúsinu á hefðarsetrinu **Downton Abbey**. Þó ekki síður fyrir alvöru kokkana sem útbúa matinn sem leikararnir gæða sér á í tókum á þessum vinsælu þáttum.

